

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B22-25

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 22-25

Nr. 107-133

2003

Efnisyfirlit B 22-25 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
107	18. feb.	Reglugerð um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka	209
108	20. feb.	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	210
109	21. feb.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð um styrki og upp- bætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra ein- staklinga vegna bifreiða	210-211
110	14. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 41/2000 um áfrýjun- arnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar	212
111	11. feb.	Reglugerð um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli	213-260
112	13. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnar- svæðis – Hraun 1 í Fjarðabyggð	260
113	12. feb.	Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	261-268
114	17. feb.	Auglýsing um aðra (2.) breytingu á gjaldskrá, nr. 109/2001, fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir	269-271
115	21. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 447, 30. júní 1999 um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs- fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)	271
116	18. feb.	Gjaldskrá fyrir þjónustu Ríkiskaupa	272-273
117	14. feb.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarða- svæðis	274-282
118	12. feb.	Reglugerð um húsaleigubætur	283-285
119	20. feb.	Reglugerð um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu	285-286
120	21. feb.	Reglugerð um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski 2003	286-287
121	11. feb.	Auglýsing um breytt deiliskipulag Sandgerðisbótar, Akur- eyri	288
122	12. feb.	Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta	288-289
123	19. feb.	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar	290
124	12. feb.	Reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun	290-291
125	18. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ	291
126	10. feb.	Samþykkt um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi .	292-293
127	10. feb.	Samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg	293-295
128	16. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ	295-296
129	18. feb.	Auglýsing um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni	297
130	14. feb.	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum	297
131	31. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ	298-299
132	21. feb.	Auglýsing um listabókstafi stjórnmálasamtaka	299
133	26. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003	300

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

1. gr.

Veiðar með fiskibotnvörpu og línu eru bannaðar á Rífsbanka með eftirgreindum hætti:

- a. Veiðar með fiskibotnvörpu á svæði á Rífsbanka eru aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju með síðari breytingum. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 12'00 N – 16° 05'00 V
2. 67° 16'00 N – 15° 17'00 V
3. 67° 03'00 N – 14° 23'00 V
4. 66° 58'00 N – 14° 37'00 V
5. 67° 10'00 N – 15° 14'00 V
6. 67° 05'00 N – 15° 50'00 V
7. 66° 53'00 N – 15° 37'00 V
8. 66° 53'00 N – 15° 50'00 V

- b. Allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu eru bannaðar á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 05'00 N – 15° 50'00 V
2. 67° 10'00 N – 15° 14'00 V
3. 66° 58'00 N – 14° 37'00 V
4. 66° 53'00 N – 15° 37'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 21. febrúar 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 10, 14. janúar 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2003

Nr. 108

210

20. febrúar 2003

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 679/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum og næpum í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg ótilgr.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	24.02.03. - 30.06.03.		0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. febrúar 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

Nr. 109

21. febrúar 2003

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

1. tölul. 2. mgr. fellur brott og breytast númer á öðrum töluliðum til samræmis við það.
- Í 2. másl. 4. mgr. fellur brott orðið „hennar“ og í stað þess koma orðin „bifreiðarinnar eða hefur bifreiðina í rekstrarleigu til langs tíma.“

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað og kemur til framkvæmda 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. febrúar 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41/2000 um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar má áfrýja ákvörðunum Einkaleyfa-
stofunnar samkvæmt eftirtöldum lögum eins og þeim hefur verið breytt:

1. lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi;
2. lögum nr. 45/1997 um vörumerki;
3. lögum nr. 48/1993 um hönnunarvernd;
4. lögum nr. 155/2002 um félagamerki og
5. öðrum lögum um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar sé heimild til slíks að finna í þeim lögum.

2. gr.

Í stað orðanna „í fjórriti“ í 3. gr. reglugerðarinnar kemur: í fimmriti.

3. gr.

Í 4. gr. reglugerðarinnar bætist við nýr tölul., 4. tölul., sem orðast svo: varnaraðila og heimilisfang hans ef unnt er.

4. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 69. gr., sbr. 7., 24., 25., 41., 67. og 68. gr., laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, 65. gr., sbr. 61. og 63. gr., laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, 53. gr., sbr. 35., 36. og 59. gr., laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 155/2002 um félagamerki.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. febrúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fullunnin efni og hluti sem eingöngu eru úr plasti og ætlað er að snerta matvæli. Þá gildir reglugerðin einnig um lagskipt efni og hluti gerða eingöngu úr plasti og ætlað er að snerta matvæli þar sem tvö eða fleiri lög eru sett saman með lími eða á einhvern annan hátt.

Reglugerð þessi gildir ekki um efni og hluti sem settir eru saman úr tveimur eða fleiri lögum, þar sem eitt lag eða fleiri eru ekki eingöngu úr plasti, jafnvel þó það lag sem er ætlað að snerta matvæli sé eingöngu úr plasti.

2. gr.

Skilgreiningar.

Matvælahermir er efni eða efnablanda, notað til að líkja eftir áhrifum matvæla á plast.

Plast er efni úr lífrænum stórsameindum sem fengist hafa með fjölliðun, fjölþéttingu, fjólalagningu og/eða öðrum svipuðum aðferðum á sameindum með lægri sameindþunga eða með því að breyta náttúrulegum stórsameindum. Heimilt er að bæta öðrum efnum í slík efna-sambönd úr stórsameindum.

Plast er ekki:

- lakkaðar eða ólakkaðar filmur úr endurunnum sellulósa;
- teygjanleg efni sem og tilbúið eða náttúrulegt gúmmí;
- pappír eða pappi, einnig pappír sem búið er að breyta með viðbættu plasti;
- jónaskiptaresín;
- húðunarefni úr parafínvaxi, tilbúnu, örkristölluðu eða plastblöndum af því;
- sílíkon.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

3. gr.

Heildarflæði.

Heildarflæði í matvæli úr efnum og hlutum úr plasti skal ekki fara yfir 10 mg/dm² af yfirborði plasticsins. Heildarflæði skal þó ekki fara yfir 60 mg/kg af matvælum þegar um er að ræða:

- hluti sem eru ílát eða líkja má við ílát, eða má fylla, og taka ekki minna en 500 ml og ekki meira en 10 l;
- hluti sem hægt er að fylla og þar sem ógerlegt er að meta yfirborðsflötinn sem snertir matvælin;
- hettur, tappa, þéttingar og annað þess háttar.

4. gr.

Efnanotkun.

Einungis er heimilt að nota einliður og önnur grunnefni sem talin eru upp í listum A og B, viðauka 2, við framleiðslu á efnum og hlutum úr plasti og þá með þeim takmörkunum sem þar eru tilgreindar.

Heimilt er að nota þau efni sem skráð eru í lista B, viðauka 2, þar til annað verður ákveðið en þó ekki lengur en til 31. desember 2004.

Heimilt er að breyta lista A, viðauka 2, ýmist með því að færa efni af lista B á lista A eða með því að bæta nýjum efnum á listann. Slíkar breytingar skulu vera í samræmi við 10. gr. reglugerðar um efni og hluti sem er ætlað að snerta matvæli.

Viðauki 2 gildir ekki um þau efni sem eru einungis notuð til að framleiða:

- prentblek;
- epoxýresín;
- lím og límhvata;
- húðunarefni sem unnin eru úr kvoðukenndum efnum eða fjölliðum í fljótandi, dyftu eða dreifðu formi, eins og t.d. lakk, lakkmálning og málning.

5. gr.

Aukefni.

Í listum A og B, viðauka 3 er að finna ófullgerða lista yfir aukefni sem heimilt er að nota við framleiðslu efna og hluta úr plasti svo og takmarkanir og/eða forskriftir fyrir notkun þeirra. Fyrir efnin í lista B gilda tilgreind flæðimörk frá og með 1. janúar 2004 þegar flæði-prófanir eru gerðar með matvælahermi D eða með öðrum prófunum í samræmi við viðauka 7 og 8.

6. gr.

Vörur fengnar með gerjun.

Af þeim vörum sem fengnar eru með gerjun örvera má eingöngu nota þær sem eru tilgreindar í viðauka 4 þannig að þær komist í snertingu við matvæli.

7. gr.

Forskriftir.

Almennar forskriftir tengdar efnum og hlutum úr plasti er að finna í viðauka 5A. Í viðauka 5B er mælt fyrir um forskriftir sem varða sum efnanna sem koma fyrir í viðaukum 2, 3 og 4.

Merkingar þeirra talna sem eru í viðaukum 2, 3 og 4 og gefnar eru í sviga í dálkinum „Takmarkanir og/eða forskriftir“ eru skýrðar í viðauka 6.

8. gr.

Vottorð.

Á öðrum stigum dreifingar en í smásölu skal skriflegt vottorð fylgja efnum og hlutum úr plasti, sem er ætlað að snerta matvæli, um að þau uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Undanskilin þessu ákvæði eru efni og hlutir sem augljóslega eru ætluð undir matvæli.

III. KAFLI Flæðiprófanir.

9. gr.

Flæðimörk.

Sértæk flæðimörk í viðauka 2 eru sett sem mg/kg af matvælum. Miðað skal við yfirborðsflöt plastins og flæðið gefið upp í mg/dm² þegar um er að ræða:

- a) hluti sem eru ílát, eða sambærileg ílátum, eða sem hægt er að fylla og rúma minna en 500 ml eða meira en 10 l;
- b) blöð, filmur eða aðra hluti, sem ekki er hægt að fylla, eða ógerlegt er að meta sambandið á milli stærðar yfirborðs og magns matvæla sem það snertir.

Til þess að umbreyta mörkum sem miðuð eru við magn matvæla (mg/kg) í mörk sem miðuð eru við stærð yfirborðs (mg/dm²) skal deila í hin fyrrnefndu með tölunni 6.

10. gr.

Sannprófun.

Sannprófun á hvort reglur um flæðimörk séu virtar skal fara fram í samræmi við reglur í viðaukum 1, 7 og 8.

Þegar heildarflæðimörk, sem mælt er fyrir um í 3. gr., eru virt felur það í sér að sértækt flæði, sem kveðið er á um í 1. mgr., sé innan marka og þá er ekki skylt að sannprófun fari fram.

Ef gert er ráð fyrir að hámarksflæði efnaleifa úr efni eða hlut og hægt er að sýna fram á að það geti ekki farið yfir mörk fyrir sértækt flæði, sem kveðið er á um í 1. mgr., er ekki skylt að sannprófun fari fram.

Sannprófun á því hvort reglur um flæðimörk, sem kveðið er á um í 1. mgr., séu virtar getur farið fram með ákvörðun á magni efnis í fullunnu efni eða hlut. Þetta er að því tilskildu að hlutfallið milli magns efnisins og gildis sértæks flæðis þess hafi verið ákvarðað, annað hvort með fullnægjandi tilraunum eða með því að nota almennt viðurkennd flæðilíkön sem byggja á vísindarannsóknnum. Skylt er að staðfesta áætlað flæðigildi með tilraunum til að sýna fram á að efni eða hlutur uppfylli ekki flæðimörk.

IV. KAFLI Málsmeðferð, viðurlög og gildistaka.

11. gr.

Málsmeðferð og viðurlög.

Heilbrigðisnefndir hafa, hver á sínum stað, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Þeir sem framleiða eða flytja inn efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, skulu tilkynna starfsemi sína til Umhverfisstofnunar. Stofnunin getur gert kröfu um að lögð verði fram gögn til staðfestingar á því að efni og hlutir uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, sbr. og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (tilskipun 2002/72/EB um efni og hluti úr plasti sem ætlað

er að komast í snertingu við matvæli, tilskipun 82/711/EBE um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og plasthlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, tilskipunum 93/8/EBE og 97/48/EB sem eru breytingar á 82/711/EBE og tilskipun 85/572/EBE um skrá yfir herma til notkunar við mælingar á flæði efna úr plastefnum og plasthlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu og um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 524/2001 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. febrúar 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI 1 Flæðiþrófanir.

Almenn skilyrði.

1. Þegar niðurstöður úr flæðiþrófunum, sem tilgreindar eru í viðauka 7, eru bornar saman skal gera ráð fyrir því að eðlisþyngd allra matvælaherma sé 1. Magn efnis/efna, mælt í milligrömmum, á hvern lítra matvælahermis (mg/l) samsvarar þannig tölulega því magni í milligrömmum af efni/efnum sem flæðir í hvert kílógramm matvælahermis og að teknu tilliti til viðauka 8, því magni í milligrömmum af efni/efnum sem flæðir í hvert kílógramm matvæla.
2. Þegar flæði er ekki mælt á hlutum eða efninu sjálfu, heldur á sérstöku sýni úr sama efni, skal leiðrétta fyrir þeim mun sem er á stærð flatarins sem snertir matvæli við eðlilega notkun og þess flatar sem snertir herminn, eða matvælin, við flæðiþrófun. Til að leiðrétta fyrir þessum mun skal setja inn í eftirfarandi jöfnu:

$$M = (m \cdot a_2 / a_1 \cdot q) 1000$$

þar sem:

M = flæði í mg/kg;

m = magn efnis í mg sem sýnið gefur frá sér skv. flæðiþrófun;

a₁ = yfirborð sýnisins í dm² sem snertir matvæli við prófun;

a₂ = yfirborð efnisins eða hlutarins í dm² sem snertir matvæli við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði;

q = magn matvællanna í grömmum sem eru í snertingu við efnið eða hlutinn við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

3. Við flæðiþrófun er plastsýnið ýmist efnið eða hluturinn sjálfur eða hluti af efninu eða hlutum. Einnig má búa til sérstakt sýni af plastinu fyrir flæðiþrófunina. Sýnið og matvælahermirinn skulu snertast þannig að einungis sá hluti plastsins, sem er ætlað að snerta matvæli við eðlilega notkun, snerti matvælaherminn. Þetta á sérstaklega við um lagskipt(a) efni og hluti, tappa, þéttingar og annað slíkt.

Flæðiprófun á hettum, þéttingum, töppum eða öðrum áþekktum búnaði skal fara fram með því að setja þessa hluti á tilheyrandi flát eins og um raunverulega eða fyrirsjáanlega notkun væri að ræða.

Ávallt er leyfilegt að nota nákvæmari prófun til að sýna fram á að reglur um flæðimörk séu virtar.

4. Í samræmi við 10. gr. er sýni úr efninu eða hlutum látið komast í snertingu við matvælin eða viðeigandi matvælahermi í þann tíma og við það hitastig sem valið er með hliðsjón af raunverulegri notkun og í samræmi við reglur í viðaukum 7 og 8. Þegar tiltekinn tími er liðinn skal heildarmagn efna (heildarflæði) og/eða tiltekið magn eins eða fleiri efna (sértækt flæði) úr sýninu ákvarðað með greiningu á matvælunum eða matvælaherminum.
5. Þegar efni eða hlut er ætlað að komast aftur og aftur í snertingu við matvæli skal flæðiprófunin gerð þrisvar sinnum á sama sýninu í samræmi við skilyrðin sem eru sett í viðauka 7. Nota skal annað matvælasýni eða nýjan matvælahermi í hvert sinn. Niðurstöður úr þriðju prófun skulu skera úr um hvort reglur um flæðimörk hafi verið virtar. Liggi fyrir óyggjandi sönnun þess að flæðið aukist ekki í annari og þriðju prófun og hafi flæði ekki farið yfir markið/mörkin í fyrstu prófun eru frekari prófanir ekki nauðsynlegar.

Sérákvæði um heildarflæðimörk.

6. Ef vökvahermarnir, sem tilgreindir eru í viðaukum 7 og 8, eru notaðir er heimilt að gera greiningu til ákvörðunar á heildarmagni efna sem sýnið gefur frá sér með því að láta matvælaherminn gufa upp og vega efnaleifarnar.

Þegar notuð er hreinsuð ólífúolía eða eftirlíking hennar er heimilt að nota eftirfarandi aðferð:

Sýni efnisins eða hlutarins er vegið fyrir og eftir snertingu við matvælaherminn. Matvælahermirinn, sem sýnið hefur drukkið í sig, er skilinn frá með útdrætti, magn ákvarðað og dregið frá þyngd sýnisins eftir snertingu við matvælaherminn. Mismunurinn á upphaflegri og leiðréttri lokapyngd samsvarar heildarflæði sýnisins sem var rannsakað.

Þegar efni eða hlut er ætlað að komast aftur og aftur í snertingu við matvæli og tæknilega er ógerlegt að framkvæma prófunina sem lýst er í 5. mgr. er heimilt að breyta henni að því tilskildu að unnt sé að ákvarða flæðimörkin við þriðju prófun. Einni slíkri breytingu er lýst hér á eftir: Prófunin er gerð á þremur sams konar sýnum af efninu eða hlutum. Viðeigandi prófun er gerð á einu þeirra og heildarflæði ákvarðað (M^1). Annað og þriðja sýnið er prófað við sömu hitaskilyrði, en snertitíminn skal vera tvisvar eða þrisvar sinnum lengri en sá sem tilgreindur er. Heildarflæðið skal ákvarðað í hvert sinn (M^2 og M^3 eftir því sem við á). Efnið eða hluturinn er talinn fullnægja settum skilyrðum fari annaðhvort M^1 eða $M^3 - M^2$ ekki yfir heildarflæðimörk.

7. Fari flæði úr efni eða hlut yfir heildarflæðimörkin en mælist þó innan greiningarvikmarka hér að neðan skal skilyrðum þessarar reglugerðar talið fullnægt. Eftirfarandi greiningarvikmörk hafa verið sett:
 - 20 mg/kg eða 3 mg/dm² í flæðiprófunum þar sem hreinsuð ólífúolía eða eftirlíking hennar er notuð;
 - 12 mg/kg eða 2 mg/dm² í flæðiprófunum þar sem notaðir eru aðrir matvælahermar sem um getur í viðaukum 7 og 8.
8. Með fyrirvara um nýjar upplýsingar eða endurmat á fyrirbyggjandi upplýsingum skal ekki gera flæðiprófanir með því að nota hreinsaða ólífúolu eða eftirlíkingu hennar til að athuga hvort heildarflæðimark sé virt þegar óyggjandi sönnun liggur fyrir um að tilgreind greiningaraðferð sé tæknilega ófullkomin.

Í slíkum tilvikum gilda almenn sértæk flæðimörk, sem eru 60 mg/kg eða 10 mg/dm², að því er varðar efni sem undanskilin eru sértæku flæðimörkunum eða öðrum takmörkunum sem tilgreindar eru í viðauka 2. Þó skal summa allra sértæku flæðimarkanna sem ákveðin eru ekki vera hærri en heildarflæðimörk.

VIÐAUKI 2

Listar yfir einliður og önnur grunnefni sem heimilt er að nota við framleiðslu á efnum og hlutum úr plasti.

Almennur inngangur.

1. Í þessum viðauka eru listar yfir einliður og önnur grunnefni sem taka m.a. til:
 - efna sem eru ætluð til að framleiða stórsameindir með fjölliðun, þ.m.t. fjölþéttingu, fjörláagningu eða annarri sambærilegri meðferð;
 - náttúrulegra eða tilbúinna efnasambanda úr stórsameindum sem notuð eru við framleiðslu á umbreyttum stórsameindum ef einliðurnar eða grunnefnin sem þarf til að mynda þau eru ekki á listunum;
 - efna sem notuð eru til að umbreyta fyrirbyggjandi náttúrulegum eða tilbúnum efnasamböndum.
2. Í listunum eru ekki ál-, ammóníum-, kalsíum-, járn-, magnesíum-, kalíum-, natríum- og sinksölt (þar með talin tvísölt og sýrusölt) af leyfðum sýrum, fenólum eða alkóhólum sem einnig eru leyfð. Heitin „...sýra(sýrur), sölt“ koma þó fyrir í listunum ef samsvarandi óbundin sýra(sýrur) er ekki tilgreind. Í þeim tilvikum merkja „sölt“ „ál-, ammóníum-, kalsíum-, járn-, magnesíum-, kalíum-, natríum-, og sinksölt“.
3. Listarnir taka ekki til eftirtalinna efna sem þó kunna að vera til staðar:
 - a) efna sem kunna að vera í fullunninni vöru sem:
 - óhreinindi í þeim efnum sem eru notuð;
 - millihvarfaefni;
 - niðurbrotsefni.
 - b) fáiða og náttúrulegra eða tilbúinna efnasambanda úr stórsameindum og blandna þeirra, ef einliðurnar eða grunnefnin sem þarf til að mynda þau eru á listunum;
 - c) blandna leyfðu efnanna.Efnin og hlutirnir sem efnin í a-, b- og c-lið eru í skulu uppfylla ákvæði 4. gr. reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.
4. Tæknileg gæði efna skulu vera mikil hvað varðar hreinleikaskilyrði.
5. Í listunum eru eftirfarandi upplýsingar:
 1. dálkur: Tilvísunarnúmer ESB fyrir efni sem notuð eru í umbúðir;
 2. dálkur: Skráningarnúmer efnisins hjá Chemical Abstract Service (CAS-nr.);
 3. dálkur: Efnahæitið;
 4. dálkur: Takmarkanir og/eða forskriftir. Þær kunna að vera:
 - sértæk flæðimörk (SFM(H));
 - leyfilegt hámarks magn efnisins í fullunnu efninu eða hlutnum (HM);
 - leyfilegt hámarks magn efnisins í fullunnu efninu eða hlutnum gefið upp í mg fyrir hverja 6 dm² yfirborðs sem kemst í snertingu við matvæli (HMY);
 - aðrar takmarkanir sem sérstaklega er kveðið á um;
 - hvers kyns forskriftir sem varða efnið eða fjölliðuna.
6. Ef almennt heiti er notað yfir efni sem tilgreint er í listunum sem einstakt efni skulu takmarkanirnar, sem um þetta efni gilda, vera þær sem tilgreindar eru fyrir einstaka efnið.

7. Sé ósamræmi milli skráningarnúmers hjá CAS og efnahættis skal efnahættið gilda. Ef ósamræmi er á milli þess CAS-númers sem birt er í EINECS (European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances) og CAS-skránni skal númerið í CAS-skránni gilda.
8. Skammstafanir eða tákn í 4. dálki töflunnar merkja:
- GM: Greiningarmörk aðferðar.
- FE: Fullunnið efni eða hlutur.
- NCO: Ísósýanat.
- ÓG: Ógreinanlegt. Þetta á við þegar efnin eru ekki greinanleg með almennt viðurkenndum aðferðum sem er hægt að nota til þess að greina viðkomandi efni við tilgreind greiningarmörk aðferðarinnar (GM). Heimilt er að nota aðferðir með viðeigandi greiningarhæfni þar til viðurkenndar aðferðir hafa verið þróaðar.
- HM: Leyfilegt hámarksmagn efnaleifa í efni eða hlut.
- HM(H): Leyfilegt hámarksmagn efnaleifa í efni eða hlut, gefið upp sem heild af þeim hluta eða efnum sem tilgreind eru. Aðferðir við greiningu á magni efnaleifanna skulu vera almennt viðurkenndar. Heimilt er að nota aðferðir með viðeigandi greiningarhæfni, þar til viðurkenndar aðferðir hafa verið þróaðar.
- HMY: Leyfilegt hámarksmagn efnaleifa í fullunnu efni eða hlut, gefið upp í mg fyrir hverja 6 dm² yfirborðs sem er í snertingu við matvæli. Aðferðir við greiningu á magni efnaleifanna skulu vera almennt viðurkenndar. Heimilt er að nota aðferðir með viðeigandi greiningarhæfni þar til viðurkenndar aðferðir hafa verið þróaðar.
- HMY(H): Leyfilegt hámarksmagn efnaleifa í efni eða hlut, gefið upp sem mg af heild af þeim hluta eða efnum sem tilgreind eru á hverja 6 dm² yfirborðs sem er í snertingu við matvæli. Heimilt er að nota aðferðir með viðeigandi greiningarhæfni, þar til viðurkenndar aðferðir hafa verið þróaðar.
- SFM: Sértek flæðimörk fyrir efnið í matvælum eða matvælahermi nema annað sé tilgreint. Flæði efnisins skal greint með viðurkenndum aðferðum. Heimilt er að nota aðferðir með viðeigandi greiningarhæfni, þar til viðurkenndar aðferðir hafa verið þróaðar.
- SFM(H): Sértek flæðimörk fyrir efnið í matvælum eða matvælahermi, gefið upp sem heild af þeim hluta eða efnum sem tilgreind eru. Flæði efnisins skal greint með viðurkenndum aðferðum. Heimilt er að nota aðferðir með viðeigandi greiningarhæfni, þar til viðurkenndar aðferðir hafa verið þróaðar.

Listi A
Leyfilegar einliður og önnur grunnefni.

Tilvísunar-númer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
10030	000514-10-3	Abíetínsýra	
10060	000075-07-0	Asetaldehýð	SFM(H) = 6 mg/kg (2)
10090	000064-19-7	Edíksýra	
10120	000108-05-4	Edíksýra, vinýlester	SFM = 12 mg/kg
10150	000108-24-7	Asetanhýdríð	
10210	000074-86-2	Asetýlen	
10630	000079-06-1	Akrýlamíð	SFM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
10660	015214-89-8	2-akrýlamíðó-2-metýlprópansúlfón sýra	SFM = 0,05 mg/kg
10690	000079-10-7	Akrýlsýra	
10750	002495-35-4	Akrýlsýra, bensýlester	
10780	000141-32-2	Akrýlsýra, n-bútýlester	
10810	002998-08-5	Akrýlsýra, sec-bútýlester	
10840	001663-39-4	Akrýlsýra, tert-bútýlester	
11000	050976-02-8	Akrýlsýra, dísyklópentadfenýlester	HMY = 0,05 mg/6 dm ²
11245	002156-97-0	Akrýlsýra, dódesýlester	SFM = 0,05 mg/kg (1)
11470	000140-88-5	Akrýlsýra, etýlester	
11510	000818-61-1	Akrýl, hýdroxýetýlester	Sjá „akrýlsýra, mónóester með etýlenglykól“
11530	000999-61-1	Akrýlsýra, 2-hýdroxýprópýlester	HMY = 0,05 mg /6 dm ²
11590	000106-63-8	Akrýlsýra, ísóbútýlester	
11680	000689-12-3	Akrýlsýra, ísóprópýlester	
11710	000096-33-3	Akrýlsýra, metýlester	
11830	000818-61-1	Akrýlsýra, mónóester með etýlenglykól	
11890	002499-59-4	Akrýlsýra, n-oktýlester	
11980	000925-60-0	Akrýlsýra, própýlester	
12100	000107-13-1	Akrýlónítríl	SFM = ÓG (GM = 0,020 mg/kg, þar með talin greiningarvirkmörk)
12130	000124-04-9	Adípínsýra	
12265	004074-90-2	Adípínsýra, dívínýlester	HM = 5 mg/kg í FE, eða aðeins til nota í sameinliðum
12280	002035-75-8	Adípínanhýdríð	
12310		Albúmín	
12340		Albúmín, hleypt með formaldehýði	
12375		Alkóhól, alífatísk, mónóhýdrísk, mettuð, ógreinótt, prímer (C ₄ -C ₂₂)	
12670	002855-13-2	1-amínó-3-amínómetýl-3,5,5-trímetýl-sýklóhexan	SFM = 6 mg/kg
12761	000693-57-2	12-amínódodekansýra	SFM = 0,05 mg/kg
12763	000141-43-5	2-amínóetanól	SFM = 0,05 mg/kg. Ekki ætlað til notkunar í fjölliður sem snerta matvæli og matvæla-hernir D á við um, sbr. viðauka 8. Á einungis við um óbeina snertingu við matvæli ef efnið er bak við PET lag.

Tilvísunarnúmer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
12765	084434-12-8	N-(2-amínóetýl)-beta-alanín, natriúmsalt	SFM = 0,05 mg/kg
12788	002432-99-7	11-amínóundekansýra	SFM = 5 mg/kg
12789	007664-41-7	Ammóníak	
12820	000123-99-9	Aselsýra	
12970	004196-95-6	Aselanhýdríð	
13000	001477-55-0	1,3-bensendímetanamín	SFM = 0,05 mg/kg
13060	004422-95-1	1,3,5-bensentríkarboxýlsýrutríklóríð	HMY = 0,05 mg/6 dm ² (mælt sem 1,3,5-bensentríkarboxýlsýra)
13075	000091-76-9	Bensógúanamín	Sjá „2,4-díamínó-6-fenýl-1,3,5-tríasín“
13090	000065-85-0	Bensósýra	
13150	000100-51-6	Bensýlalkóhól	
13180	000498-66-8	Bísýkló(2.2.1)hept-2-en (= Norbornen)	SFM = 0,05 mg/kg
13210	001761-71-3	Bis(4-amínósýklóhexýl)metan	SFM = 0,05 mg/kg
13326	000111-46-6	Bis(2-hýdroxýetýl)eter	Sjá „díetýlenglýkól“
13380	000077-99-6	2,2-bis(hýdroxýmetýl)-1-bútanól	Sjá „1,1,1-trímetylólpóran“
13390	000105-08-8	1,4-bis(hýdroxýmetýl)sýklóhexan	
13395	004767-03-7	2,2-bis(hýdroxýmetýl)própionsýra	HMY = 0,05 mg/6 dm ²
13480	000080-05-7	2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan	SFM = 3 mg/kg
13510	001675-54-3	2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan-bis(2,3-epoxýprópýl)eter = (BADGE)	Skv. reglugerð um tiltekna epoxý afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.
13530	038103-06-9	2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan bis(balanhýdríð)	SFM = 0,05 mg/kg
13550	000110-98-5	Bis(hýdroxýprópýl)eter	Sjá „díprópýlenglýkól“
13560	005124-30-1	Bis(4-ísósýanatósýklóhexýl)metan	Sjá „dísyklóhexýlmetan- 4,4'-díísósýanat“
13600	047465-97-4	3,3-bis(3-metýl-4-hýdroxýfenýl-2-índólínon)	SFM = 1,8 mg/kg
13607	000080-05-7	Bisfenól A	Sjá „2,2-Bis(4-hýdroxýfenýl)própan“
13610	001675-54-3	Bisfenól A bis(2,3-epoxýprópýl eter)	Sjá „2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)própan bis(2,3-epoxýprópýl)eter“
13614	038103-06-9	Bisfenól A bis(balanhýdríð)	Sjá „2,2-Bis(4-hýdroxýfenýl)própan bis(balanhýdríð)“
13617	000080-09-1	Bisfenól S	Sjá „4,4'-díhýdroxýdífenýlsúlfon“
13620	010043-35-3	Bórsýra	SFM(H) = 6 mg/kg (23) (gefið upp sem bór) að teknu tilliti til reglugerðar um neysluvatn.
13630	000106-99-0	Bútafén	HM = 1 mg/kg í FE eða SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, þar með talin vikmörk)
13690	000107-88-0	1,3-bútandíól	
13720	000110-63-4	1,4-bútandíól	SFM(H) = 0,05 mg/kg (24)

Tilvísunar-númer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
13780	002425-79-8	1,4-bútandíól-bis(2,3-epoxýprópýl)eter	HM = 1 mg/kg í FE (gefið upp sem epoxýhópur, mólþungi = 43)
13810	000505-65-7	1,4-bútandíólformal	HMY = 0,05 mg/6 dm ²
13840	000071-36-3	1-bútanól	
13870	000106-98-9	1-búten	
13900	000107-01-7	2-búten	
13932	000598-32-3	3-búten-2-ól	HMY = ÓG (GM = 0,02 mg/6 dm ²). Aðeins ætlað til notkunar sem einliða við gerð fjölliðu aukefna.
14020	000098-54-4	4-tert-bútylfenól	SFM = 0,05 mg/kg
14110	000123-72-8	Bútyraldehyð	
14140	000107-92-6	Bútyrsýra	
14170	000106-31-0	Bútyranhýdríð	
14200	000105-60-2	Kaprólaktam	SFM(H) = 15 mg/kg (5)
14230	002123-24-2	Kaprólaktam, natríumsalt	SFM(H) = 15 mg/kg (5) (gefið sem kaprólaktam)
14320	000124-07-2	Kaprýlsýra	
14350	000630-08-0	Kolmónoxíð	
14380	000075-44-5	Karbónýlklóríð	HM = 1 mg/kg í FE
14411	008001-79-4	Laxerólfa	
14500	009004-34-6	Sellulósi	
14530	007782-50-5	Klór	
14570	000106-89-8	1-klór-2,3-epoxýprópan	Sjá „epíklórhydrín“
14650	000079-38-9	Klórtríflúoretýlen	HMY = 0,5 mg/6 dm ²
14680	000077-92-9	Sítrónusýra	
14710	000108-39-4	<i>m</i> -Kresól	
14740	000095-48-7	<i>o</i> -Kresól	
14770	000106-44-5	<i>p</i> -Kresól	
14841	000599-64-4	4-kúmýlfenól	SFM = 0,05 mg/kg
14880	000105-08-8	1,4-sýklóhexandímetanól	Sjá „1,4-bis(hýdroxýmetýl)sýklóhexan“
14950	003173-53-3	Sýklóhexýlísósýanat	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
15030	000931-88-4	Sýklóokten	SFM = 0,05 mg/kg. Aðeins til notkunar í fjölliður sem snerta matvæli og matvælahermir A á við um, sbr. viðauka 8.
15070	001647-16-1	1,9-dekadíen	SFM = 0,05 mg/kg
15095	000334-48-5	Dekanósýra	
15100	000112-30-1	1-dekanól	
15130	000872-05-9	1-deken	SFM = 0,05 mg/kg
15250	000110-60-1	1,4-díamínóbútan	
15272	000107-15-3	1,2-díamínóetan	Sjá „etýlendfamín“
15274	000124-09-4	1,6-díamínóhexan	Sjá „hexametýlendfamín“
15310	000091-76-9	2,4-díamínó-6-fenýl-1,3,5-tríasín	HMY = 5 mg/6 dm ²

Tilvísunarnúmer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
15370	003236-53-1	1,6-díamínó-2,2,4-trímetylhexan	HMY = 5 mg/6 dm ²
15400	003236-54-2	1,6-díamínó-2,4,4-trímetylhexan	HMY = 5 mg/6 dm ²
15565	000106-46-7	1,4-díklórbensen	SFM = 12 mg/kg
15610	000080-07-9	4,4'-díklórðífenýl sulfón	SFM = 0,05 mg/kg
15700	005124-30-1	Dísýklóhexýlmetan-4,4'-díísósýanat	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
15760	000111-46-6	Dietylenglýkól	SFM(H) = 30 mg/kg (3)
15790	000111-40-0	Dietylentríamín	SFM = 5 mg/kg
15820	000345-92-6	4,4'-díflúorbensófenón	SFM = 0,05mg/kg
15880	000120-80-9	1,2-díhýdroxýbensen	SFM = 6 mg/kg
15910	000108-46-3	1,3-díhýdroxýbensen	SFM = 2,4 mg/kg
15940	000123-31-9	1,4-díhýdroxýbensen	SFM = 0,6 mg/kg
15970	000611-99-4	4,4'-díhýdroxýbensófenón	SFM(H) = 6 mg/kg (15)
16000	000092-88-6	4,4'-díhýdroxýbífenýl	SFM = 6 mg/kg
16090	000080-09-1	4,4'-díhýdroxýdífenýl sulfón	SFM = 0,05 mg/kg
16150	000108-01-0	Dímetylámínóetanól	SFM = 18 mg/kg
16240	000091-97-4	3,3'-dímetýl-4,4'-díísósýanatóbífenýl	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
16360	000576-26-1	2,6-dímetylfenól	SFM = 0,05 mg/kg
16390	000126-30-7	2,2'-dímetýl-1,3-própandíól	SFM = 0,05 mg/kg
16450	000646-06-0	1,3-díoxólan	SFM = 0,05 mg/kg
16480	000126-58-9	Dípentaerýtrítól	
16570	004128-73-8	Dífenýl eter-4,4'-díísósýanat	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
16600	005873-54-1	Dífenýlmetan-2,4'-díísósýanat	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
16630	000101-68-8	Dífenýlmetan-4,4'-díísósýanat	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
16650	000127-63-9	Dífenýl sulfón	SFM(H) = 3 mg/kg (25)
16660	000110-98-5	Díprópýlenglýkól	
16690	001321-74-0	Dívínýlbensen	HMY = 0,01 mg/6 dm ² eða SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, greiningarvirkmörk innifalin) fyrir summu af dívínýlbensen og etýlvínýlbensen og í samræmi við forskriftir í viðauka 5
16694	013811-50-2	N,N'-dívínýl-2-ímídasólídínón	HM = 5 mg/kg í FE
16697	000693-23-2	n-Dódekandíósýra	
16704	000112-41-4	1-Dódeken	SFM = 0,05 mg/kg
16750	000106-89-8	Epíklórhydín	HM = 1 mg/kg í FE
16780	000064-17-5	Etanól	
16950	000074-85-1	Etýlen	
16960	000107-15-3	Etýlendíamín	SFM = 12 mg/kg

Tilvísunar-númer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
16990	000107-21-1	Etýlenglýkól	SFM(H) = 30 mg/kg (3)
17005	000151-56-4	Etýlenímín	SFM = ÓG (GM = 0,010 mg/kg)
17020	000075-21-8	Etýlenoxíð	HM = 1 mg/kg í FE
17050	000104-76-7	2-etýl-1-hexanól	SFM = 30 mg/kg
17160	000097-53-0	Evgenól	SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg þar með talin greiningarvikmörk)
17170	061788-47-4	Fitusýrur úr kókósolíu	
17200	068308-53-2	Fitusýrur úr sojaolíu	
17230	061790-12-3	Fitusýrur úr furuolíu	
17260	000050-00-0	Formaldehýð	SFM(H) = 15 mg/kg (22)
17290	000110-17-8	Fúmarsýra	
17530	000050-99-7	Glúkósi	
18010	000110-94-1	Glútararsýra	
18070	000108-55-4	Glútaranhýdríð	
18100	000056-81-5	Glýseról	
18220	068564-88-5	N-heptýlamínóundekansýra	SFM = 0,05 mg/kg (1)
18250	000115-28-6	Hexaklórendómetýlentetrahydrópalsýra	SFM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
18280	000115-27-5	Hexaklórendómetýlentetrahydrópalanhýdríð	SFM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
18310	036653-82-4	1-hexadekanól	
18430	000116-15-4	Hexaflúorprópýlen	SFM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
18460	000124-09-4	Hexametýlendíamín	SFM = 2,4 mg/kg
18640	000822-06-0	Hexametýlendíísósýanat	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
18670	000100-97-0	Hexametýlentetramín	SFM(H) = 15 mg/kg (22) (gefið sem formaldehýð)
18820	000592-41-6	1-hexen	SFM = 3 mg/kg
18867	000123-31-9	Hýdrókínón	Sjá „1,4-díhýdroxýbensen“
18880	000099-96-7	p-Hýdroxýbensósýra	
18897	016712-64-4	6-hýdroxý-2-napalenkarboxýlsýra	SFM = 0,05 mg/kg
18898	000103-90-2	n-(4-hýdroxýfenýl)asetamíð	Aðeins til notkunar í vökva-kristal og bak við aðskilnaðarlag í marglaga plasti.
19000	000115-11-7	Ísóbúten	
19060	000109-53-5	Ísóbútýlvínýlester	HM = 5 mg/kg í FE
19110	04098-71-9	1-ísósýanató-3-ísósýanatómetýl-3,5,5-trímetylsýklóhexan	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
19150	000121-91-5	Ísópalsýra	SFM = 5 mg/kg
19210	001459-93-4	Ísópalsýra, dímetýlester	SFM = 0,05 mg/kg
19243	000078-79-5	Ísópren	Sjá „2-metýl-1,3-bútadíen“
19270	000097-65-4	Ítakónsýra	
19460	000050-21-5	Mjólkursýra	

Tilvísunar-númer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
19470	000143-07-7	Lársýra	
19480	002146-71-6	Lárínsýra, vinýlester	
19490	00947-04-6	Lárlaktam	SFM = 5 mg/kg
19510	011132-73-3	Lignósellulósi	
19540	000110-16-7	Malínsýra	SFM(H) = 30 mg/kg (4)
19960	000108-31-6	Malínanhýdríð	SFM(H) = 30 mg/kg (4) (gefið upp sem malínsýra)
19975	000108-78-1	Melamín	Sjá „2,4,6-tríamínó-1,3,5-tríasín“
19990	000079-39-0	Metakrýlamíð	SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, þar með talin greiningarvirkmörk)
20020	000079-41-4	Metakrýlsýra	
20050	000096-05-9	Metakrýlsýra, allýlester	SFM = 0,05 mg/kg
20080	002495-37-6	Metakrýlsýra, bensýlester	
20110	000097-88-1	Metakrýlsýra, bútýlester	
20140	002998-18-7	Metakrýlsýra, sec-bútýlester	
20170	000585-07-9	Metakrýlsýra, tert-bútýlester	
20260	000101-43-9	Metakrýlsýra, sýklóhexýlester	SFM = 0,05 mg/kg
20410	02082-81-7	Metakrýlsýra, díester með 1,4-bútandíól	SFM = 0,05 mg/kg
20530	002867-47-2	Metakrýlsýra, 2-(dímetýlamínó)etýlester	SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, þar með talin greiningarvirkmörk)
20590	000106-91-2	Metakrýlsýra, 2,3-epoxýprópýlester	HMY = 0,02 mg/6 dm ²
20890	000097-63-2	Metakrýlsýra, etýlester	
21010	000097-86-9	Metakrýlsýra, ísóbútýlester	
21100	004655-34-9	Metakrýlsýra, ísóprópýlester	
21130	000080-62-6	Metakrýlsýra, metýlester	
21190	000868-77-9	Metakrýlsýra, mónóester með etýlengljúkól	
21280	002177-70-0	Metakrýlsýra, fenýlester	
21340	002210-28-8	Metakrýlsýra, própýlester	
21460	000760-93-0	Metakrýlanhýdríð	
21490	000126-98-7	Metakrýlnítríl	SFM = ÓG (GM = 0,020 mg/kg, þar með talin greiningarvirkmörk)
21520	001561-92-8	Metallýlsúlfonsýra, natríumsalt	SFM = 5 mg/kg
21550	000067-56-1	Metanól	
21640	000078-79-5	2-metýl-1,3-bútadíen	HM = 1 mg/kg í FE eða SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, greiningarvirkmörk innifalín)
21730	000563-45-1	3-metýl-1-búten	HMY = 0,006 mg/6 dm ² . Aðeins til nota í pólýprópýlen.
21765	106246-33-7	4,4'-metýlenbis(3-klór-2,6-díetýlanilín)	HMY = 0,05 mg/6 dm ²
21821	000505-65-7	1,4-(metýlendíoxý)bútan	Sjá „1,4-bútandíólformal“

Tilvísunar- númer	CAS-númer	Efnahæiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
21940	000924-42-5	N-metýlólakrýlamíð	SFM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
22150	000691-37-2	4-metýl-1-penten	SFM = 0,02 mg/kg
22331	025513-64-8	Blanda af (40% w/w) 1,6-díamínó-2,4,4-trímetylhexan og (60% w/w) 1,6-díamínó-2,4,4-trímetylhexan	HMY = 5 mg/6 dm ²
22332	028679-16-5	Blanda af (40% w/w) 2,2,4-trímetylhexan-1,6-dífosfát og (60% w/w) 2,4,4-trímetylhexan-1,6-dífosfát	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
22350	000544-63-8	Mýristínsýra	
22360	001141-38-4	2,6-þapalendíkarboxýlsýra	SFM = 5 mg/kg
22390	000840-65-3	2,6-þapalendíkarboxýlsýra, dímetýlester	SFM = 0,05 mg/kg
22420	003173-72-6	1,5-þapalendífosfát	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
22437	000126-30-7	Neópentýlglykól	Sjá „2,2-dímetyl-1,3-própandíól“
22450	009004-70-0	Nítrósellulósi	
22480	000143-08-8	1-nónanól	
22550	000498-66-8	Norboren	Sjá „bísýkló(2.2.1)hept-2-en“
22570	000112-96-9	Oktadesýlfosfát	HM(H) = 1 mg/kg (gefið upp sem NCO) (26)
22600	000111-87-5	1-oktanól	
22660	000111-66-0	1-okten	SFM = 15 mg/kg
22763	000112-80-1	Olíusýra	
22778	007456-68-0	4,4'-oxýbis(bensensúlfónýl asíð)	HMY = 0,05 mg/6 dm ²
22780	000057-10-3	Palmitínsýra	
22840	000115-77-5	Pentaerýtrítól	
22870	000071-41-0	1-pentanól	
22900	000109-67-1	1-penten	SFM = 5 mg/kg
22937	001623-05-8	Perflúorprópýlperflúorvinýlester	SFM = 0,05 mg/kg
22960	000108-95-2	Fenól	
23050	000108-45-2	1,3-fenýlendíamín	SFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg)
23155	000075-44-5	Fosgen	Sjá „karbónýlklóríð“
23170	007664-38-2	Fosfórsýra	HM = ÓG (GM = 1 mg/kg í FE)
23175	000122-52-1	Tríetýlester	HM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
23187		Þalsýra	Sjá „tereþalsýra“
23200	000088-99-3	o-þalsýra	
23230	000131-17-9	Þalsýra, díallylester	SFM = ÓG (GM = 0,01 mg/kg)
23380	000085-44-9	Þalanhýdríð	
23470	000080-56-8	alfa-þínen	
23500	000127-91-3	beta-þínen	
23547	009016-00-6 063148-62-9	Pólýdímetýlsíloxan (mólpungi > 6800)	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 5
23590	025322-68-3	Pólýetýlenglykól	
23651	025322-69-4	Pólýprópýlenglykól	
23740	000057-55-6	1,2-própandíól	

Tilvísunar-númer	CAS-númer	Efnaheiti	Takmarkanir og/eða forskriftir
23770	000504-63-2	1,3-própandíól	SFM = 0,05 mg/kg
23800	000071-23-8	1-própanól	
23830	000067-63-0	2-própanól	
23860	000123-38-6	Própiónaldehyð	
23890	000079-09-4	Própiónsýra	
23920	000105-38-4	Própiónsýra,vinýlester	SFM(H) = 6 mg/kg (2) (gefið upp sem asetaldehýð)
23950	000123-62-6	Própiónanhýdríð	
23980	000115-07-1	Própýlen	
24010	000075-56-9	Própýlenoxíð	HM = 1 mg/kg í FE
24051	000120-80-9	Pýrókatekól	Sjá „1,2-dihýdroxýbensen“
24057	000089-32-7	Pýrómellitínanhýdríð	SFM = 0,05 mg/kg (skráð sem pýrómellitínsýra)
24070	073138-82-6	Resín- og rósínsýrur	
24072	000108-46-3	Resorsínól	Sjá „1,3-dihýdroxýbensen“
24073	000101-90-6	Resorsínóldíglysidýleter	HMY = 0,005 mg/6 dm ² . Ekki ætlað til notkunar í fjölliður sem snerta matvæli og matvælahermir D á við um sbr. viðauka 8. Á einungis við um óbeina snertingu við matvæli ef efnið er bak við PET lag.
24100	008050-09-7	Rósín	
24130	008050-09-7	Rósínlim	Sjá „rósín“
24160	008052-10-6	Rósínfuruolía	
24190	009014-63-5	Rósínviður	
24250	009006-04-6	Náttúrulegt gúmmí	
24270	000069-72-7	Salisílsýra	
24280	000111-20-6	Sebaksýra	
24430	002561-88-8	Sebakanhýdríð	
24475	001313-82-2	Natríumsúlfíð	
24490	000050-70-4	Sorbítól	
24520	008001-22-7	Sojabaunaolía	
24540	009005-25-8	Sterkja, til neyslu	
24550	000057-11-4	Sterínsýra	
24610	000100-42-5	Stýren	
24760	026914-43-2	Stýrensúlfónsýra	SFM = 0,05 mg/kg
24820	000110-15-6	Rafsýra	
24850	000108-30-5	Rafanhýdríð	
24880	000057-50-1	Súkrósi	
24887	006362-79-4	5-súlfóisópalsýra, einnatríumsalt	SFM = 5 mg/kg
24888	003965-55-7	5-súlfóisópalsýra, einnatríumsalt, dímetýlester	SFM = 0,05 mg/kg
24910	000100-21-0	Terepalsýra	SFM = 7,5 mg/kg
24940	000100-20-9	Terepalsýradíklóríð	SFM(H) = 7,5 mg/kg (gefið upp sem terepalsýra)
83595	<p>Myndefni af dí-tert-bútýlfosfónít með bifényl, fengið með þéttingu á 2,4-dí-tert-bútýlfenól með Friedel Craft myndefni af fosfór tríklóríð og bifényl</p> <p>Samsetning</p> <ul style="list-style-type: none"> - 4,4'-bifényl-bis[0,0-bis(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónít] (CAS-nr. 38613-77-3) (36-46% w/w (1)) - 4,3'-bifényl-bis[0,0-bis(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónít] (CAS-nr. 118421-00-4) (17-13% w/w) - 3,3'-bifényl-bis[0,0-bis(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónít] (CAS-nr. 118421-01-5) (1-5% w/w) - 4-bifényl-bis[0,0-bis(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónít] (CAS-nr. 91362-37-7) (11-19% w/w) - Tris(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónít (CAS-nr. 31570-04-4) (9-18% w/w) - 4,4'-bifényl-bis-0,0-bis(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónat-0,0-bis(2,4-dí-tert-bútýlfenýl)fosfónít (CAS-nr. 112949-97-0) (<5% w/w) <p>Aðrar forskriftir</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fosfórinnihald lágmark 5,4% - 5,9% - Sýrugildi að hámarki 10 mg KOH á hvert gramm - Bræðsla á bilinu 85-110°C
88640	<p>Sojaolía, epoxuð</p> <p>Oxíran <8%, joðtala < 6</p>
95859	<p>Vax, hreinsað, unnið úr jarðolíu eða hráefnum sem eru tilbúin kolvatnsefni</p> <p>Varan skal hafa eftirfarandi forskrift:</p> <p>Innihalda kolvatnsefni úr jarðolíu, sem hafa lægri kolefnistölu en 25: ekki meira en 5% (w/w)</p> <p>Seigja ekki minni en $11 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ (= 11 sentístók) við 100°C.</p> <p>Meðalmólpungi ekki minni en 500</p>
95883	<p>Hvítar, parafínrikar olíur unnar úr hráefnum sem eru fengin úr kolvatnsefnum úr jarðolíu</p> <p>Varan skal hafa eftirfarandi forskrift:</p> <p>Innihald kolvatnsefna úr jarðolíu, sem hafa lægri kolefnistölu en 25: ekki meira en 5% (w/w)</p> <p>Seigja ekki minni en $8,5 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ (= 8,5 sentístók) við 100°C.</p> <p>Meðalmólpungi ekki minni en 480</p>

VIÐAUKI 6

Merkingar talna sem eru gefnar í sviga í dálkinum „Takmarkanir og/eða forskriftir“.

- 1) Viðvörðun: hætta er á að farið sé yfir SFM þegar um er að ræða fituríkan matvælahermi.
- 2) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 10060 og 23920, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 3) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 15760, 16990, 47680, 53650 og 89440, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 4) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 19540, 19960 og 64800, má ekki vera umfram takmörkunina.

- 5) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 14200, 14230 og 41840, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 6) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 66560 og 66580, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 7) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 30080, 42320, 45195, 45200, 53610, 81760, 89200 og 92030, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 8) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 42400, 64320, 73040, 85760, 85840, 85920 og 95725, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 9) Viðvörðun: hætta er á að flæði efnisins rýri skynmatseinkenni matvællanna og því er einnig hætta á að fullunnin varan samræmist ekki 4. gr. í reglugerð um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.
- 10) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 30180, 40980, 63200, 65120, 65200, 65280, 65360, 65440 og 73120, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 11) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 45200, 64320, 81680 og 86800, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 12) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 36720, 36800, 36840 og 92000, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 13) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 39090 og 39120, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 14) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 44960, 68078, 82020 og 89170, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 15) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 15970, 48640, 48720, 48880, 61280, 61360 og 61600, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 16) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 49600, 67520 og 83599, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 17) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 50160, 50240, 50320, 50360, 50400, 50480, 50560, 50640, 50720, 50800, 50880, 50960, 51040 og 51120, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 18) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 67600, 67680 og 67760 má ekki vera umfram takmörkunina.
- 19) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 60400, 60480 og 61440, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 20) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 66400 og 66480, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 21) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 93120 og 93280, má ekki vera umfram takmörkunina.

- 22) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 17260 og 18670, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 23) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 13620, 36840, 40320 og 87040, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 24) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 13720 og 40580, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 25) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 16650 og 51570, má ekki vera umfram takmörkunina.
- 26) SFM(H) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með tilvísunarnúmerum 14950, 15700, 16240, 16570, 16600, 16630, 18640, 19110, 22332, 22420, 22570, 25210, 25240 og 25270, má ekki vera umfram takmörkunina.

VIÐAUKI 7

Grundvallarreglur um flæðiþrófanir.

1. Flæðiþrófanir sem notaðar eru til að ákvarða sértækt flæði og heildarflæði eru gerðar með matvælahermi sem mælt er fyrir um í 1. hluta þessa viðauka og við skilyrði sem eru tilgreind í 2. hluta viðaukans.
2. Ef flæðiþróf með matvælahermi D í 1. hluta þessa viðauka eru óhentug vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu skal framkvæma þrófanir eins og sagt er til um í 3. hluta.
3. Í stað flæðiþrófana með matvælahermi D er einnig heimilt að nota önnur flæðiþróf sem fram koma í 4. hluta ef skilyrðum þar um er fullnægt.
4. Í framangreindum flæðiþrófum er leyfilegt að:
 - a) Framkvæma aðeins þær þrófanir sem, samkvæmt vísindalegum gögnum, í hverju tilviki teljast til verstu aðstæðna;
 - b) sleppa þrófunum þegar sönnun liggur fyrir á því að flæði fari ekki yfir leyfileg mörk við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður plastsins.

1. hluti

Matvælahermar.

1. Inngangur.

Þar sem ekki er alltaf unnt að nota matvæli til þess að mæla efni og hluti sem komast í snertingu við matvæli eru matvælahermar notaðir. Venja er að flokka matvælaherma þannig að þeir hafi einkenni einnar eða fleiri tegunda matvæla. Matvælategundirnar og matvælahermarnir sem nota ber eru tilgreindar í töflu 1. Í raun er unnt að nota ýmsar blöndur matvælategunda, til dæmis fiturík og vatnsrík matvæli. Þeim er lýst í töflu 2 og tilgreint hvaða matvælahermi ber að velja þegar flæðiþrófanir eru gerðar.

Tafla 1: Matvælahermar til notkunar við prófanir á efnaflæði úr efnum og hlutum úr plasti.

Matvælategund	Flokkun	Matvælahermar	Stytting
Vatnskennd matvæli með pH > 4,5	Matvæli samanber viðauka 8	Eimað eða afjónað vatn	Matvælahermir A
Súr matvæli með pH ≤ 4,5	Matvæli samanber viðauka 8	3% (w/v) ediksýrulausn	Matvælahermir B
Áfeng matvæli	Matvæli samanber viðauka 8	10% (v/v) etanóllausn	Matvælahermir C
Feit matvæli	Matvæli samanber viðauka 8	Hreinsuð ólífuolía eða aðrir fituhermar	Matvælahermir D
Purr matvæli		Enginn	Engin

2. Val á matvælahermi.

2.1. Efni og hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við allar tegundir matvæla.

Við prófanir ber að nota þá matvælaherma sem um getur hér á eftir, en þær prófanir eru taldar strangar og skulu gerðar við skilyrði sem eru tilgreind í 2. hluta, þar sem nýtt sýni úr efnum og hlutum úr plasti er prófað fyrir hvern matvælahermi:

- 3% ediksýra (w/v) í vatnslausn;
- 10% etanól (v/v) í vatnslausn;
- hreinsuð ólífuolía („matvælahermir D“).

Í stað matvælahermis D er þó heimilt að nota tilbúna blöndu þríglýseríða eða sól-blómaolíu eða másolíu samkvæmt stöðluðum forskriftum. Sé farið yfir flæðimörkin þegar einhver þessara fituríku matvælaherma eru notaðar ber að staðfesta niðurstöðuna með því að nota ólífuolíu, verði því tæknilega komið við, til þess að skera úr um hvort ákvæði þessarar reglugerðar séu virt. Ef ekki er unnt að afla þessara upplýsinga af tæknilegum ástæðum og efnið eða hluturinn fer yfir flæðimörkin skal litið svo á að ákvæði þessarar reglugerðar séu ekki virt.

2.2. Efni og hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við ákveðnar matvælategundir.

Gildir aðeins við eftirfarandi aðstæður:

- a) þegar efni eða hlutur er þegar í snertingu við þekkt matvæli;
- b) þegar efni eða hlut fylgja sérstakar upplýsingar, skv. 6., 7., 8. og 10. gr. reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli, skal þar koma fram fyrir hvaða matvælategundir efnið eða hluturinn er ætlað(ur) (sjá töflu 1). Til dæmis „aðeins fyrir vatnsrík matvæli“;
- c) þegar efni eða hlut fylgja sérstakar upplýsingar, skv. 6., 7., 8. og 10. gr. reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli, skal þar koma fram fyrir hvaða matvæli eða matvælaflokka heimilt eða óheimilt er að nota efnið eða hlutinn fyrir (sjá viðauka 8). Þessar upplýsingar skulu koma fram:
 - i) á öðrum stigum markaðssetningar en smásölu þannig að notað sé „tilvísunarnúmerið“ eða sú „lýsing á matvælum“ sem fram kemur í viðauka 8;
 - ii) á smásölustigi þannig að notaðar séu upplýsingar sem eiga einungis við um fáar tegundir matvæla eða matvælaflokka, helst með auðskildum dæmum.

Í þessum tilvikum skulu prófanir gerðar með þeim hætti að í tilviki b eru notaðir þeir matvælahermar sem teknir eru sem dæmi í töflu 2 og í tilvikum a og c þeir matvælahermar sem um getur í viðauka 8. Ef matvæli eða matvælaflokkur/(-ar) er/eru ekki á listanum, í viðauki 8 skal velja þann matvælahermi í töflu 2 sem svarar best til þeirra matvæla eða matvælaflokka sem verið er að rannsaka.

Ef efninu eða hlutnum er ætlað að komast í snertingu við margs konar matvæli eða matvælaflokk(a) með mismunandi leiðréttingarþætti skal beita viðeigandi leiðréttingarþáttum á niðurstöðurnar. Fari niðurstöður slíkra útreikninga einu sinni eða oftari yfir mörkin hæfir efnið eða hluturinn ekki viðkomandi matvælum eða matvælaflokk(um).

Prófanir ber að gera við þau skilyrði sem eru tilgreind í 2. hluta þessa viðauka, þar sem nýtt sýni er prófað fyrir hvern matvælahermi:

Tafla 2: Matvælahermar til notkunar í sérstökum tilvikum til að mæla efnaflæði úr efnunum og hlutum úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli.

Matvæli	Matvælahermir
Aðeins vatnskennd matvæli	A
Aðeins súr matvæli	B
Aðeins áfeng matvæli	C
Aðeins feit matvæli	D
Öll vatnskennd og súr matvæli	B
Öll áfeng og vatnskennd matvæli	C
Öll áfeng og súr matvæli	C og B
Öll feit og vatnskennd matvæli	D og A
Öll feit og súr matvæli	D og B
Öll feit, áfeng og vatnskennd matvæli	D og C
Öll feit, áfeng og súr matvæli	D, C og B

2. hluti

Skilyrði við flæðiprófanir (tímalengd og hitastig).

- Við flæðiprófanir skal velja tímalengd og hitastig sem eru tilgreind í töflu 3 og svara verstu hugsanlegu snertingarskilyrðum og upplýsingum sem fram koma um hámarkshitastig við notkun. Ef plastefninu eða -hlutnum er ætlað að komast í snertingu við matvæli við notkun, þar sem stuðst er við tvær eða fleiri mismunandi tíma- og hitastigssamsetningar í töflunni, skal flæðiprófun gerð með þeim hætti að efnið eða hluturinn sé prófaður við öll verstu hugsanlegu skilyrði, hvert á eftir öðru, og sami skammtur matvælahermis notaður.
- Snertingarskilyrði sem eru almennt talin ströngust.**
Í samræmi við þá almennu viðmiðun að takmarka beri ákvörðun flæðis við þau skilyrði sem eru talin fullnægja ströngustu kröfum, byggðum á vísindarannsóknunum, eru hér á eftir gefin sérstök dæmi um snertingarskilyrðin við prófanir.
 - Efni og hlutir úr plasti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli um ótiltekinn tíma og við hvaða hitaskilyrði sem vera skal.*
Nota skal, allt eftir því um hvaða matvæategund er að ræða, matvælahermi A og/eða B og/eða C í fjórar klukkustundir við 100°C eða fjórar klukkustundir við endurflæðis-hitastig og/eða matvælahermi D aðeins í tvær klukkustundir við 175°C ef ekki er um merkingar eða leiðbeiningar að ræða þar sem snertingarhitastig og tímalengd, sem gera má ráð fyrir við raunverulega notkun, eru tiltekin. Þessi skilyrði um tímalengd og hitastig eru almennt talin þau ströngustu.

2.2. *Efni og hlutir úr plasti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli við eða undir stofuhita um ótiltekinn tíma.*

Ef á efnunum og hlutum sem eru merktir til notkunar við eða undir stofuhita eða ef efni og hlutir eru í eðli sínu greinilega ætluð til notkunar við og undir stofuhita skal gera prófun við 40°C í tíu daga. Þessi skilyrði um tímalengd og hitastig eru almennt talin þau ströngustu.

3. Flæði rokgjarnra efna.

Þegar verið er að mæla flæði rokgjarnra efna sérstaklega skal gera ráð fyrir tapi rokgjarnra efna, samsvarandi því sem gerast myndi við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði.

4. Sérstök tilvik.

4.1. Þegar rannsaka á efni eða hluti sem nota á í örbylgjuofnum er heimilt að nota annaðhvort venjulegan ofn eða örbylgjuofn við flæðiprófanir að því tilskildu að viðeigandi tímalengd og hitastig séu valin úr töflu 3.

4.2. Ef eðliseiginleikar sýnisins breytast eða annars konar breytingar koma fram í því þegar prófanir eru gerðar við þau snertingarskilyrði sem eru tilgreind í töflu 3 en engar breytingar koma fram við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði efnisins eða hlutarins, sem er verið að rannsaka, skal mæla flæði við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði þar sem þessar eðlislægu eða annars konar breytingar verða ekki.

4.3. Heimilt er að víkja frá skilyrðum sem fram koma í töflu 3 og 2. mgr. og einungis framkvæma tveggja stunda prófun við 70°C ef notkun efnisins eða hlutarins úr plasti er skemmri en 15 mínútur í senn við 70 – 100°C hitastig (t.d. „hot fill“) og ef það er tilgreint með viðeigandi merkingum eða leiðbeiningum. Eigi hins vegar að geyma efnið eða hlutinn við stofuhita skal gera prófun við 40°C í 10 daga, sem almennt er talin strangari, í stað prófsins sem um getur hér að framan.

4.4. Í þeim tilvikum þegar snertingarskilyrðin við prófanir í töflu 3 gilda ekki fyllilega um venjuleg skilyrði við flæðiprófanir (til dæmis snertingarhitastig yfir 175°C eða snertingstendur skemur en fimm mínútur) er heimilt að miða við önnur snertingarskilyrði sem eiga betur við í því tilviki sem er verið að rannsaka, að því tilskildu að skilyrðin sem eru valin geti gefið rétta mynd af verstu hugsanlegu snertingarskilyrðum að því er varðar efnin eða hlutina úr plasti sem er verið að rannsaka.

Tafla 3: Mæliaðstæður (tími (t) og hiti (T)) fyrir prófanir á efnaflæði úr plasti í matvælaherma.

Verstu fyrirjáanlegu notkunaraðstæður	Mæliaðstæður
<i>Snertitími:</i>	<i>Mælitími:</i>
$t \leq 5$ mín	Sjá lið nr. 4.4. hér að framan
$5 \text{ mín} < t \leq 0,5$ klst.	0,5 klst.
$0,5 \text{ klst.} < t \leq 1$ klst.	1 klst.
$1 \text{ klst.} < t \leq 2$ klst.	2 klst.
$2 \text{ klst.} < t \leq 4$ klst.	4 klst.
$4 \text{ klst.} < t \leq 24$ klst.	24 klst.
$t > 24$ klst.	10 dagar

Verstu fyrirjáanlegu notkunaraðstæður	Mæliaðstæður
<i>Snertihitastig:</i>	<i>Mælihitastig:</i>
$T \leq 5^{\circ}\text{C}$	5°C
$5^{\circ}\text{C} < T \leq 20^{\circ}\text{C}$	20°C
$20^{\circ}\text{C} < T \leq 40^{\circ}\text{C}$	40°C
$40^{\circ}\text{C} < T \leq 70^{\circ}\text{C}$	70°C
$70^{\circ}\text{C} < T \leq 100^{\circ}\text{C}$	100°C eða endurflæðishitastig
$100^{\circ}\text{C} < T \leq 121^{\circ}\text{C}$	121°C ¹
$121^{\circ}\text{C} < T \leq 130^{\circ}\text{C}$	130°C ¹
$130^{\circ}\text{C} < T \leq 150^{\circ}\text{C}$	150°C ¹
$T > 150^{\circ}\text{C}$	175°C ¹

3. hluti

Prófanir sem nota skal þegar flæðiprófanir með matvælahermi D eru óhentugar vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu.

1. Ef ekki er hentugt að nota matvælahermi D vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu skal framkvæma prófanir með öllum matvælahermum sem fram koma í töflu 4. Ef notast á við aðrar aðstæður en þær sem fram koma í töflunni, skal nota hana til viðmiðunar en taka einnig mið af fenginni reynslu af plastinu sem um ræðir.

Nota skal nýtt plasticsýni fyrir hvert próf. Sömu reglur gilda fyrir þessar prófanir og fyrir prófanir með matvælahermi D eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð. Þar sem við á skal nota leiðréttingarþætti og deila í niðurstöður prófananna eins og gert er ráð fyrir í viðauka 8. Þegar flæðið er metið skal miða við hæsta gildi sem fæst úr þessum prófunum.

Ef eðlisbreyting eða önnur breyting verður á plastinu við þau skilyrði sem mælt er við, en ekki við verstu fyrirjáanlegu notkunarskilyrði, skal sleppa þeirri niðurstöðu og taka í staðinn mið af hæsta gildi þeirra niðurstæðna sem eftir standa.

2. Mögulegt er að sleppa einni eða tveimur prófunum, sem fram koma í töflu 4, ef þær þykja óviðeigandi fyrir plastið sem verið er að prófa og hægt er að sýna fram á vísindaleg rök sem styðja það.

Tafla 4: Mæliaðstæður fyrir matvælaherma sem notaðir eru í stað matvælahermis D.

Mæliaðstæður fyrir matvælahermi D	Mæliaðstæður fyrir ísóoktan	Mæliaðstæður fyrir 95% etanóllaun	Mæliaðstæður fyrir MPPO ²
10 dagar við 5°C	0,5 dagar við 5°C	10 dagar við 5°C	---
10 dagar við 20°C	1 dagur við 20°C	10 dagar við 20°C	---
10 dagar við 40°C	2 dagar við 20°C	10 dagar við 40°C	---
2 klst. við 70°C	0,5 klst. við 40°C	2 klst. við 60°C	---
0,5 klst. við 100°C	0,5 klst. við 60°C ³	2,5 klst. við 60°C	0,5 klst. við 100°C
1 klst. við 100°C	1 klst. við 60°C ³	3 klst. við 60°C ³	1 klst. við 100°C
2 klst. við 100°C	1,5 klst. við 60°C ³	3,5 klst. við 60°C ³	2 klst. við 100°C

¹ Þetta hitastig skal aðeins nota fyrir hermi D. Fyrir herma A, B og C skal mæla flæði við 100°C eða við endurflæðishitastig í fjórfaldan þann tíma sem við á samkvæmt töflunni.

² MPPO = Umbreytt pólýfenýl oxíð („*Modified polyphenyl oxide*“)

³ Hámarks hitastig fyrir MPPO = Umbreytt pólýfenýl oxíð („*Modified polyphenyl oxide*“) roksgjörnu hermanna er 60°C . Forsenda þess að nota þessar prófanir er að plastið þoli þær aðstæður sem notaðar eru fyrir hermi D. Dýfa skal plasticsýni í ólífuolíu við þær mæliaðstæður sem notaðar eru fyrir hermi D. Ef eðlisbreytingar verða telst plastið óhentugt til notkunar við það hitastig. Ef engar breytingar verða skal taka nýtt plasticsýni og framkvæma prófun samkvæmt töflunni.

Mæliðstæður fyrir matvælahermi D	Mæliðstæður fyrir ísóoktan	Mæliðstæður fyrir 95% etanóllausn	Mæliðstæður fyrir MPPO ²
0,5 klst. við 121°C	1,5 klst. við 60°C ³	3,5 klst. við 60°C ³	0,5 klst. við 121°C
1 klst. við 121°C	2 klst. við 60°C ³	4 klst. við 60°C ³	1 klst. við 121°C
2 klst. við 121°C	2,5 klst. við 60°C ³	4,5 klst. við 60°C ³	2 klst. við 121°C
0,5 klst. við 130°C	2 klst. við 60°C ³	4 klst. við 60°C ³	0,5 klst. við 130°C
1 klst. við 130°C	2,5 klst. við 60°C ³	4,5 klst. við 60°C ³	1 klst. við 130°C
2 klst. við 150°C	3 klst. við 60°C ³	5 klst. við 60°C ³	2 klst. við 150°C
2 klst. við 175°C	4 klst. við 60°C ³	6 klst. við 60°C ³	2 klst. við 175°C

4. hluti

Prófanir sem nota má, í stað flæðiprófana með matvælahermi D, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

- Heimilt er að nota prófanirnar að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - Samanburðarprófanir sýna að niðurstöður úr þeim eru jafnháar eða hærri en niðurstöður úr flæðiprófunum með matvælahermi D.
 - Niðurstöður úr þeim eru innan leyfilegra marka þegar búið er að taka tillit til viðeigandi leiðréttingarþáttar eins og gert er ráð fyrir í viðauka 8.
- Heimilt er að sleppa samanburðarprófunum ef til eru vísindalegar niðurstöður sem sýna að niðurstöður úr umræddum prófunum eru jafn háar eða hærri en niðurstöður úr flæðiprófunum með matvælahermi D.
- Annars konar prófanir:
 - Prófanir með rokgjörnum leysum: Í þessar prófanir eru notaðir rokgjarnir leysar, s.s. ísóoktan og 95% etanóllausn, eða aðrir rokgjarnir leysar eða blöndur þeirra.
 - Útdráttarprófanir: Prófanir með miðlum, sem hafa sterka útdráttareiginleika við ítrustu aðstæður, má nota ef vísindaleg gögn sýna að niðurstöður úr þeim eru jafnháar eða hærri en niðurstöður úr flæðiprófunum með matvælahermi D.

VIÐAUKI 8

Skrá yfir matvælaherma.

- Í eftirfarandi töflum, sem eru ekki tæmandi, eru þeir matvælahermar sem skal nota við flæðiprófanir á einstökum matvælum eða flokki matvæla táknaðir með eftirtöldum bókstöfum:
 - Matvælahermir A: eimað vatn eða sambærilegt vatn;
 - Matvælahermir B: 3% (w/v) ediksýra í vatnslausn;
 - Matvælahermir C: 15% (v/v) etanól í vatnslausn;

- Matvælahermir D: hreinsuð ólífuolía⁴; reynist nauðsynlegt af tæknilegum orsökum vegna greiningaraðferðarinnar að nota aðra matvælaherma þarf að skipta á ólífuolíunni og blöndu tilbúinna tríglyseríða⁵ eða sólblómaolíu⁶.
- 2. Fyrir einstök matvæli eða flokk matvæla skal aðeins nota matvælahermi (herma) sem táknaðir eru með „X“. Fyrir hvern matvælahermi skal nota nýtt sýni af efnunum eða hlutunum sem um ræðir. Ef „X“ er ekki tiltekið þarf ekki að gera flæðiprófanir á viðkomandi vörulið.
- 3. Komi skástrik og tala á eftir „X“ skal deila í niðurstöður flæðiprófanna með tölunni. Talan, „leiðréttingarþátturinn“, er notuð til að taka mið af því að matvælahermirinn hefur meiri útdráttargetu fyrir tiltekna tegundir fituríkra matvæla.
- 4. Komi „a“ í sviga á eftir „X“ er aðeins notaður annar af matvælahermunum sem gefnir eru upp:
 - ef pH-gildi matvæla er hærra en 4,5 er matvælahermir A notaður,
 - ef pH-gildi matvæla er 4,5 eða lægra er matvælahermir B notaður.
- 5. Ef matvæli eru skráð bæði undir sérstökum og almennum vörulið skal aðeins nota þann matvælahermi (þá herma) sem er tiltekinn (sem eru tilteknir) í sérliðnum.

⁴ Eiginleikar hreinsaðrar ólífuolíu

Joðtala (Wijs)	= 80-88
Ljósbrotsstuðull við 25°C	= 1,4665 – 1,4679
Sýrustig (gefið upp í % olíusýru)	= hámark 0,5%
Peroxiðtala (í millíjafngildum súrefnis/kg olíu)	= hámark 10

⁵ Samsetning blöndu tilbúinna þriglyseríða:

Dreifing fitusýra

Fjöldi C-atóma í fitusýruleifum	6	8	10	12	14	16	18	annað
GLC-svæði (%)	1	6-9	8-11	45-52	12-15	8-10	8-12	≤ 1

Hreinleiki

Mónóglýseríðmagn (ensímákvarðað)	≤ 0,2 %
Díglýseríðmagn (ensímákvarðað)	≤ 2,0 %
Ósápanleg efni	≤ 0,2 %
Joðtala (Wijs)	≤ 0,1 %
Sýrustig	≤ 0,1 %
Vatnsinnihald	≤ 0,1 %
Bræðslumark	28 ± 2°C

Dæmigert gleypnirof (þykkt lags d = 1 cm; samanburður: vatn við 35°C)

Bylgjulengd (nm)	290	310	330	350	370	390	430	470	510
Gegnhleypni (%)	2	15	37	64	80	88	95	97	98

A.m.k. 10 % ljósgegnhleypni við 310 nm (1 cm kúvett, samanburður: vatn 35°C)

⁶ Eiginleikar sólblómaolíu:

Joðtala (Wijs)	= 120 – 145
Ljósbrotsstuðull við 20°C	= 1,474 – 1,476
Sápunartala	= 188 – 193
Eðlismassi við 20°C	= 0,918 – 0,925
Ósápanleg efni	= 0,5% – 1,5%

**Listi yfir matvæli og þá matvælaherma
sem nota skal í þeirra stað við flæðiprófanir.**

Tilv.nr.	Lýsing á matvælum	Matvælahermar sem skal nota			
		A	B	C	D
01	Drykkjarvörur				
01.01.	Óáfengir drykkir eða áfengir drykkir með minni alkóhólstyrkleika en 5% miðað við rúmmál: Vatn, epla-, ávaxta- eða grænmetis safi af venjulegum styrk eða þykkur, ávaxtanektar, límonaði og ölkelduvatn, sykrud ávaxtasaf, bitterar, jurtate, kaffi, te, súkkulaði, öl o.fl.	X(a)	X(a)		
01.02.	Áfengir drykkir, 5% eða meira að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál: Drykkir taldir upp í 01.01 en 5% að alkóhólstyrkleika eða meira miðað við rúmmál: Léttvín, brenndir drykkir og líkjörar		X*	X**	
01.03.	Ýmislegt: óeðlisbreytt etanól		X*	X**	
02	Korn, kornvörur, sætabrauð, kökur og aðrar brauðvörur				
02.01.	Sterkja				
02.02.	Korn, óverkað, útblásið, í flögum (þar á meðal poppkorn, kornflögur o.þ.h.)				
02.03.	Mjöl og grjón úr korni				
02.04.	Makkarónur, spaghetti o.þ.h.				
02.05.	Sætabrauð, kex, kökur og aðrar þurrar brauðvörur:				
	A. Með fituefnum á yfirborði				X/5
	B. Aðrar vörur				
02.06.	Sætabrauð, kex, kökur og aðrar nýjar brauðvörur:				
	A. Með fituefnum á yfirborði				X/5
	B. Aðrar vörur	X			
03	Súkkulaði, sykur og vörur úr súkkulaði og sykri; sælgæti				
03.01.	Súkkulaði, vörur hjúpaðar súkkulaði, súkkulíki og vörur hjúpaðar súkkulíki				X/5
03.02.	Sælgæti				
	A. Í föstu formi:				
	I. Með fituefnum á yfirborði				X/5
	II. Aðrar vörur				
	B. Sem massi:				
	I. Með fituefnum á yfirborði				X/3
	II. Rakt	X			
03.03.	Sykur og sykurvörur:				
	A. Í föstu formi				
	B. Hunang o.þ.h.	X			
	C. Melassi og síróp	X			
04	Ávextir, grænmeti og afurðir þeirra				
04.01.	Heilir ávextir, nýir eða kældir				
04.02.	Verkaðir ávextir:				
	A. Þurrkaðir eða vatnsskertir ávextir, heilir eða muldir				
	B. Ávextir í bitum, mauki eða sem massi	X(a)	X(a)		

Tilv.nr.	Lýsing á matvælum	Matvælahermar sem skal nota			
		A	B	C	D
	C. Niðurlagðir ávextir (sulta o.þ.h., heilir ávextir, í bitum eða muldir, geymdir í legi):				
	I. Í vatnslausn	X(a)	X(a)		
	II. Í olíu	X(a)	X(a)		X
	III. Í alkóhóli ($\geq 5\%$ miðað við rúmmál)		X*	X	
04.03.	Hnetur (jarðhnetur, kastaníuhnetur, möndlur, heslihnetur, valhnetur, furuhnetur o.fl.):				
	A. Án skurnar, þurrkaðar				
	B. Án skurnar, brenndar				X/5***
	C. Sem massi eða krem	X			X/3***
04.04.	Heilt grænmeti, nýtt eða kælt				
04.05.	Verkað grænmeti:				
	A. Þurrkað eða vatnsskert grænmeti, heilt eða mulið				
	B. Grænmeti; skorið, í mauki	X(a)	X(a)		
	C. Niðurlagt grænmeti:				
	I. Í vatnslausn	X(a)	X(a)		
	II. Í olíu	X(a)	X(a)		X
	III. Í alkóhóli ($\geq 5\%$ miðað við rúmmál)		X*	X	
05	Feiti og olíur				
05.01.	Dýra- og jurtafeiti og dýra- og jurtaolíur, óunnar eða unnar (þar á meðal kakósmjör, hreinsuð svínafeiti, brætt smjör)				X
05.02.	Smjörlíki, smjör og önnur feiti úr olíu- og vatnsþeyti				X/2
06	Vörur úr dýraríkinu og egg				
06.01.	Fiskur:				
	A. Nýr, kældur, saltaður, reyktur	X			X/3***
	B. Sem massi	X			X/3***
06.02.	Krabba- og lindýr (þar á meðal ostrur, kræklingar, sniglar) án skeljar eða kuðungs	X			
06.03.	Kjöt af öllum æðri dýrum (þar á meðal alifuglum og veiðibráð):				
	A. Nýtt, kælt, saltað, reykt	X			X/4
	B. Sem massi eða krem	X			X/4
06.04.	Unnar kjötvörur (skinka, salami, flesk o.fl.)	X			X/4
06.05.	Niðurlagt og hálfniðurlagt kjöt og fiskur:				
	A. Í vatnslausn	X(a)	X(a)		
	B. Í olíu	X(a)	X(a)		X
06.06.	Egg án skurnar:				
	A. Mulin eða þurrkuð				
	B. Annað	X			
06.07.	Eggjarauða:				
	A. Fljótandi	X			
	B. Mulin eða fryst				
06.08.	Þurrkuð eggjahvíta				
07	Mjólkurvörur				
07.01.	Mjólk:				
	A. Nýmjólk	X			
	B. Niðurseydd	X			

Tilv.nr.	Lýsing á matvællum	Matvælahermar sem skal nota			
		A	B	C	D
	C. Undanrenna eða léttmjólk	X			
	D. Þurrmjólk				
07.02.	Gerjuð mjólk eins og jógúrt, súrmjólk og vörur af því tagi að viðbættum ávöxtum og ávaxtavörum		X		
07.03.	Rjómi og sýrður rjómi	X(a)	X(a)		
07.04.	Ostar:				
	A. Heilir, með skorpu				
	B. Bræddir ostar	X(a)	X(a)		
	C. Allir aðrir ostar	X(a)	X(a)		X/3***
07.05.	Ostahleypir:				
	A. Fljótandi eða seigfljótandi	X(a)	X(a)		
	B. Mulinn eða þurrkaður				
08	Ýmsar vörur				
08.01.	Edik		X		
08.02.	Steikt matvæli:				
	A. Djúpsteiktar kartöflur o.þ.h.				X/5
	B. Af dýrum				X/4
08.03.	Súpur og seyði, teningar, duft og kjarnar, einsleit samsett matvæli, tilbúnir réttir:				
	A. Mulið eða þurrkað				
	I. Með fituefnum á yfirborði				X/5
	II. Annað				
	B. Fljótandi eða massi:				
	I. Með fituefnum á yfirborði	X(a)	X(a)		X/3
	II. Annað	X(a)	X(a)		
08.04.	Ger og önnur lyftiefni:				
	A. Sem massi	X(a)	X(a)		
	B. Þurrkað				
08.05.	Salt				
08.06.	Sósur:				
	A. Án fituefna á yfirborði	X(a)	X(a)		
	B. Majones, sósur úr majonesi, salatsós, og aðrar olíu- og vatnsþeytur	X(a)	X(a)		X/3
	C. Sósur úr olíu og vatni sem mynda tvo aðskilda fasa	X(a)	X(a)		X
08.07.	Sinnep (nema sinnepsduft í lið 08.17)	X(a)	X(a)		X/3***
08.08.	Samlokur, ristað brauð o.þ.h. með ýmsu áleggi:				
	A. Með fituefnum á yfirborði				X/5
	B. Annað				
08.09.	Rjómaís	X			
08.10.	Þurrkað matvæli:				
	A. Með fituefnum á yfirborði				X/5
	B. Annað				
08.11.	Fryst eða djúpfryst matvæli				
08.12.	Þykktur kjarni, 5% eða meira að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál		X*	X	
08.13.	Kakó:				
	A. Kakóduft				X/5****
	B. Kakómassi				X/3****

Tilv.nr.	Lýsing á matvælum	Matvælahermar sem skal nota			
		A	B	C	D
08.14.	Kaffi, brennt, kaffínsneytt eða leysanlegt, kaffilíki, kornótt eða sem duft				
08.15.	Kaffikjarnalaun	X			
08.16.	Kryddjurtir og önnur grös: kamilla, moskusrós, mint, te, lindiblóm o.fl.				
08.17.	Krydd og kryddblöndur í náttúrulegu formi: kanill, negull, sinnepsduft, pipar, vanilla, saffran o.fl.				

* Þessi mæling skal aðeins gerð þegar pH-gildið er 4,5 eða lægra.

** Þessi mæling skal aðeins gerð á vökvum eða drykkjum sem eru meira en 15% að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál með jafnstærri etanólvatnslausn.

*** Ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi mælingu að ekki sé um neina „fitusnertingu“ við plastið að ræða má sleppa mælingum með matvælahermi D.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis – Hraun 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 5. desember 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulaginu Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, við Reyðarfjörð.

Breytingin felst í:

1. Stækkun byggingarreits á lóð nr. 1 til norðurs, austurs og suðurs.
2. Breyttri áfangaskiptingu hafnarsvæðis.
3. Breyttri legu leigulóðar álvers á hafnarsvæði.
4. Breyttri legu aðkomuleiðar frá þjóðvegi að hafnarsvæði.
5. Nýrri aðkomuleið frá þjóðvegi að lóð nr. 1 sunnan Sómastaða.
6. Kerbrotagryfja er felld út.
7. Sett eru í skilmála ákvæði um hámarkshæðir skorsteina, sem er 80 m yfir aðliggjandi jörð.
8. Gert er ráð fyrir skipum allt að 80.000 TDW panamax í stað 60.000 TDW áður.
Tillagan var auglýst til kynningar frá 18. desember til 15. janúar og frestur til að skila athugasemdum rann út 29. janúar 2003. Engar athugasemdir bárust.
Tillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar og gerir hún ekki athugasemd við auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreyting þessi öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 13. febrúar 2003.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

2. gr.

Yfirstjórn sjóðsins.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í umsjá og vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast daglegan rekstur og afgreiðslu á hans vegum, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 6. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 3. gr.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum, önnur en bundin framlög skv. 6. gr.

Kostnaður við störf ráðgjafarnefndar greiðist úr Jöfnunarsjóði.

II. KAFLI

Tekjur Jöfnunarsjóðs.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert.
- d. Vaxtatekjur.

III. KAFLI Framlög úr Jöfnunarsjóði.

5. gr.

Tegundir framlaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla, sbr. ákvæði þessa kafla.

6. gr.

Bundin framlög.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér greinir, í samræmi við greiðsluáætlun sem gera skal í byrjun hvers árs:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og c-lið 4. gr. að frádregnum framlögum skv. e-lið 7. gr. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins, skv. a- og b-lið 4. gr. að frádregnum framlögum skv. e- og f-lið 7. gr. og skulu þau framlög skiptast jafnt milli allra landshlutasamtakanna. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins, skv. a- og b-lið 4. gr. að frádregnum framlögum skv. e- og f-lið 7. gr. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- d. Til Innheimtustofnunar sveitarfélaga skv. 4. gr. laga nr. 54/1971, með síðari breytingum. Framlög skulu greidd á tveggja mánaða fresti.
- e. Til umsjónarnefndar eftirlauna skv. 22. gr. laga nr. 113/1994, sbr. 16. gr. og II. kafla sömu laga. Framlög skulu greidd í desember ár hvert.
- f. Til húsafriðunarsjóðs skv. 16. gr. laga nr. 104/2001. Framlög skulu greidd fyrir 1. maí ár hvert.

7. gr.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum skal úthlutað úr sjóðnum sem hér greinir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, á grundvelli reglna sem ráðherra setur, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga.
- c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá sveitarfélögum með færri en 2.000 íbúa, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins, skv. a- og b-lið 4. gr. að frádregnum framlögum skv. e- og f-lið þessarar greinar, sbr. 10. gr.
- d. Til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000, allt að 25 millj. kr. á ári.
- e. Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 4. gr., sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- f. Til ráðstöfunar til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, allt að 11,5 % af tekjum sjóðsins, skv. a-lið 4. gr., sbr. reglugerð sem ráðherra setur.
- g. Til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög, sbr. 11. gr.

8. gr.

Jöfnunarframlög.

Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög:

- a. Tekjujöfnunarframlögum skv. 12. gr. skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög skulu miðast við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Framlög skulu greidd sveitarfélögum fyrir 1. nóvember ár hvert.

- b. Útgjaldajöfnunarframlögum skv. 13. gr. skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf. Framlög skulu greidd sveitarfélögum mánaðarlega. Þó skal heimilt að halda eftir allt að 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef ráðstöfunarfé sjóðsins, sbr. 2. mgr., verður minna eða útgjöld meiri en áætlað var. Endanlegt uppgjör skal fara fram eigi síðar en í árslok á grundvelli upplýsinga um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga árið á undan.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum Jöfnunarsjóðs skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr.

9. gr.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skv. c-lið 4. gr., að frádregnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 6. gr. og hlutdeild í kostnaði skv. 3. mgr. 2. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga vegna yfirfærslu grunnskólans en um úthlutun framlaga fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 351/2002.

IV. KAFLI

Nánar um einstök framlög.

10. gr.

Stofnframlög.

Framlögum skv. c-lið 7. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa við eftirtaldar framkvæmdir:

- allt að 50% af stofnkostnaði við meiri háttar vatnsveituframkvæmdir, þ.e. vatnstökuvirki, aðveituæðar og miðlunargeyma,
- allt að 50% af stofnkostnaði skólamannvirkja og kostnaði við byggingu eða kaup á húsnæði fyrir leikskóla,
- allt að 20% af byggingarkostnaði félagsheimila og íþróttamannvirkja annarra en skólamannvirkja.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að það hafi sótt um framlag til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun og styrkhæfni framkvæmdarinnar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast Jöfnunarsjóði fyrir 1. nóvember ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári.

Við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þörf sveitarfélags fyrir framkvæmdina, tekjumöguleikum, stærð þess og fjárhag, og að framlag nýtist til að stytta framkvæmdatíma.

Hundraðshluti framlaga skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal reiknaður af eðlilegum stofnkostnaði framkvæmdar (normkostnaði) framreiknuðum samkvæmt byggingarvísitölu.

Ráðgjafarnefnd getur sett nánari vinnureglur um útreikning framlaganna.

11. gr.

Framlög til sérstakra verkefna.

Heimilt er að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem hafa að mati ráðgjafarnefndar mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og uppfylla annað hvort eftirfarandi markmiða:

- að stuðla að þróun til hagræðingar í rekstri og/eða þjónustu sveitarfélaga,
- að aðstoða sveitarfélög sem orðið hafa fyrir verulega íþyngjandi og ófyrirséðum

útgjöldum vegna lögákveðinna verkefna eða af öðrum ástæðum sem ráðgjafarnefnd metur gildar.

Umsóknir skal senda Jöfnunarsjóði eigi síðar en 1. nóvember ár hvert á sérstökum eyðublöðum Jöfnunarsjóðs. Ráðgjafarnefnd er heimilt að leita álits sérfræðinga á einstökum umsóknum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til notagildis verkefnanna í almannabágu.

Þeir sem hljóta framlag samkvæmt þessari grein skulu skila skýrslu um framkvæmd verkefnis til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi síðar en einu ári eftir að framlagi var úthlutað. Ef sótt er um áframhaldandi stuðning við verkefni, sem áður hefur hlotið framlag úr Jöfnunarsjóði, ber umsækjanda að láta fylgja umsókn áfangaskýrslu um stöðu verkefnisins.

Ráðgjafarnefnd getur sett nánari vinnureglur um meðferð umsókna.

12. gr.

Tekjujöfnunarframlög.

Félagsmálaráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs. Við gerð skrár skv. 1. másl. skal einnig taka tillit til jöfnunarframlaga sem sveitarfélög fá vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.

Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

- a. á hvern íbúa í Reykjavík,
- b. á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 10.000 íbúa og fleiri, öðrum en Reykjavík,
- c. á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 300–9.999 íbúa,
- d. á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við útreikning meðaltals skv. c- og d-lið skal sleppa tekjum sem einstök sveitarfélög hafa af fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjaldi af virkjunum og stórfyrirtækjum, enda hafi þær tekjur veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks.

Ef meðtaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 97% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr. skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

Heimilt er að miða tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga með færri en 300 íbúa við c-lið 2. mgr. enda búi a.m.k. 2/3 íbúa í þéttbýli.

Heimilt er að skerða tekjujöfnunarframlag til sveitarfélags ef það vanrækir að viðhalda eðlilegu fasteignamati í sveitarfélaginu.

13. gr.

Útgjaldajöfnunarframlög.

Í byrjun janúar skal gerð áætlun um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um tekjur sjóðsins á fjárlögum ársins og íbúaskrá sveitarfélaganna 1. desember árið á undan, ásamt öðrum þeim gögnum sem byggt er á við útreikning framlaga.

Útgjaldajöfnunarframlög skal skerða hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög. Skerðingin hefst þegar meðaltekjur á íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 4% yfir meðaltali í hverjum viðmiðunarflokki skv. 2. mgr. 12. gr. Framlög falla niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir meðaltali. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

Hlutfallsleg skipting þess fjár sem er til ráðstöfunar samkvæmt þessari grein ræðst á eftirfarandi:

<i>Viðmið:</i>	<i>Hlutfall af heild:</i>
1. Fjöldi íbúa á aldrinum 0–5 ára	24,4%
2. Fjöldi íbúa á aldrinum 6–15 ára	17,6%
3. Fjöldi íbúa á aldrinum 16–66 ára	5,9%
4. Fjöldi íbúa á aldrinum 67–80 ára	7,5%
5. Fjöldi íbúa á aldrinum 81 árs og eldri	4,9%
6. Fjöldi innflytjenda á aldrinum 0–5 ára	2,0%
Samtals íbúatengd framlög:	62,3%
7. Fjarlægðir innan sveitarfélaga	8,8%
8. Fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn	2,9%
9. Skólaakstur úr dreifbýli	21,5%
10. Fækkun íbúa	2,0%
11. Snjómokstur í þéttbýli	2,5%
Alls:	100%

Skýringar á útreikningi framlaga:

a. Íbúatengd framlög: Við útreikning íbúatengdra framlaga, sbr. 1.–6. tölul., skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda í sveitarfélagi í viðkomandi aldurshópi. Framlag til hvers sveitarfélags tekur mið af hlutfallslegum íbúafjölda þess af heildaríbúafjölda á landinu öllu innan hvers viðmiðunarflokks. Þegar lokið er útreikningi íbúatengdra framlaga samkvæmt framangreindu skal umreikna þau með tilliti til stærðar hvers sveitarfélags, á grundvelli eftirfarandi stuðla sem byggjast á íbúafjölda sveitarfélags. Stuðlarnir eru fundnir þannig (sjá fylgiskjal 1):

Sveitarfélög með færri en 2.400 íbúa fá stuðulinn 1,0.

Sveitarfélög með 2.400–9.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 1,0–0,215.

Sveitarfélög með 9.000–15.000 íbúa fá stuðulinn 0,215.

Sveitarfélög með 15.000–22.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,215–0.

Sveitarfélög með fleiri en 22.000 íbúa fá stuðulinn 0.

b. Fjarlægðir: Við mat á útgjaldþörf sveitarfélags skal taka tillit til fjarlægða innan sveitarfélags og hlutfalls íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Fjarlægðir í sveitarfélögum skulu mældar á eftirfarandi hátt:

- 1) Settir skulu punktar á ystu mörk sveitarfélags, þó aldrei lengra en á ystu mörk byggðar, í norðri, austri, suðri og vestri, eða annars staðar eftir aðstæðum í sveitarfélagi.
- 2) Vegalengdir skulu mældar frá þessum punktum miðað við stystu akstursleið að stærsta þéttbýliskjarna sveitarfélags eða miðpunkti þess ef enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu.
- 3) Þannig mældar vegalengdir skal síðan margfalda með stuðlum sem eru mismunandi eftir sveitarfélögum og miðast við hlutfall íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Heimilt er að líta eingöngu á stærsta þéttbýlisstaðinn eða -staðina sem þéttbýli. Stuðlana skal reikna þannig:
 - i) Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis frá 0 til 50 fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,1–1,0.
 - ii) Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis frá 50 til 90 fá stuðulinn 1,0.
 - iii) Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis frá 90 til 100 fá stuðul hlutfallslega á bilinu 1,0–0,0.

c. Fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn: Við útreikning skal taka tillit til sérstakrar útgjaldaþarfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins. Útreikningum skal þannig hagað að fjármagn skiptist hlutfallslega á eftirfarandi hátt:

- i) 60% skal skipta á grundvelli íbúafjölda í þéttbýlisstöðum umfram einn.
- ii) 40% skal skipta eftir fjölda þéttbýlisstaða umfram einn í hverju sveitarfélagi.

d. Skólaakstur úr dreifbýli: Útreikningur framlaga byggist á upplýsingum frá sveitarfélögum um fjölda grunnskólabarna í dreifbýli sveitarfélags, sem eiga heimili lengra en 3,0 km frá skóla, miðað við 1. október ár hvert. Framlög taka mið af samanlagðri akstursvegalengd frá heimili einstakra grunnskólabarna í dreifbýli sveitarfélaga að skóla og fjölda barna í akstri. Við útreikning framlaga er vægi samanlagðra akstursvegalengda 90% en vægi fjölda barna í akstri 10%.

e. Fækkun íbúa: Ef íbúum sveitarfélags hefur á síðustu þremur árum fækkað samtals um a.m.k. 15 íbúa og ársfækkun íbúa á sama árabili er að meðaltali meiri en 1% af íbúafjölda sveitarfélagsins, skal reikna út framlag vegna fólksfækkunar. Framlag byggist á samtals fjölda sem fækkar um síðustu þrjú ár umfram 15.

Skerðing á grundvelli tekna, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ekki eiga við um útreikning þessa þáttar útgjaldajöfnunarframlaga.

f. Snjómokstur í þéttbýli: Framlögum skal úthlutað til sveitarfélaga á snjóþyngstu svæðum landsins vegna útgjalda af snjómokstri, á grundvelli vinnureglna sem ráðherra setur skv. tilögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

14. gr.

Upplýsingaöflun til útreiknings framlaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofur sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga annast upplýsingaöflun og útreikninga sem úthlutun framlaga byggist á, eftir því sem við á.

Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlög skv. 1. málsl. c-liðar 8. gr. laganna, sbr. 10. gr., falla niður frá og með 1. janúar 2005 en heimilt er að greiða á árinu 2005 framlög á grundvelli ákvæðisins vegna framkvæmda á árinu 2004 og miðast framlög við verkstöðu 31. desember 2004.


Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.


Fylgiskjal 1.

Skerðing vegna stærðar.



Fylgiskjal 2.

Stuðlar vegna fjarlægða.



AUGLÝSING

um aðra (2.) breytingu á gjaldskrá, nr. 109/2001, fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðast svo:

Umsækjandi um heimild til klínískrar lyfjaprófunar og rannsóknar á aðgengi lyfs er Lyfjastofnun veitir, sbr. 4. tl. 1. mgr. 3. gr., skal greiða gjald samkvæmt 5. mgr. 3. gr. og 9. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standi undir kostnaði við mat á umsókn, veitingu leyfis og eftirlit. Gjöld þessi skulu vera samkvæmt viðauka I við reglugerð þessa. Að auki skal umsækjandi standa straum af kostnaði vegna aðkeyprar vinnu sérfræðinga utan Lyfjastofnunar í þeim tilvikum sem þörf er á slíku sérfræðimati.

2. gr.

7. gr. orðast svo:

Lyf er veitt hefur verið undanþága.

Lyfjastofnun innheimtir gjald skv. 5. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standi undir kostnaði við afgreiðslu umsókna um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli lyf sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, sbr. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Lyfjastofnun innheimtir 2% af heildarinnkaupsverði lyfsins á árinu ef heildarinnkaupsverð er umfram 15.000 kr. og er gjaldið innheimt eftir á ár hvert. Gjald þetta skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 115.500 kr. fyrir eitt lyfjaform í einum styrkleika.

3. gr.

Viðauki I við gjaldskrána orðist svo:

Flokkar gjalda.

Flokkur: Lyf fyrir menn	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	115.500
Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/ styrkleiki	23.000
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	86.500
Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	17.500
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf	58.000
Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	11.500
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	34.500
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	7.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	13.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	29.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I	6.000

Flokkur: Lyf fyrir menn	Gjald í kr.
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	34.500
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.500
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	16.800
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	13.500

Flokkur: Lyf fyrir dýr.	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	46.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/ styrkleiki	11.500
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	23.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.500
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf	23.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	6.000
Umsókn um lyfjaleifar (MRL) og nýja dýrategund	23.000
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika) Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	11.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	17.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I	3.500
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	23.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.500
Árgjald dýralyfja fyrir hvern styrkleika lyfs	11.500
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	13.500

Flokkur: Náttúrulyf	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt náttúrulyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	35.000
Landsskráning og sem þátttakandi í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	18.000
Umsókn um nýtt náttúrulyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	25.000
Landsskráning og sem þátttakandi í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.000
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs náttúrulyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf	17.500
Landsskráning sem og þátttakandi í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	5.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund II minni breyting	10.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund II umtalsverð breyting	15.000

Flokkur: Náttúruilyf	Gjald í kr.
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúruilyfs, tegund I	3.500
Endurnýjun markaðsleyfis náttúruilyfs	17.500
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)	9.000
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	5.000
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	10.000

Flokkur: Smáskammtalyf	Gjald í kr.
Umsókn um smáskammtalyf, skráning	8.000
Viðbótarþynning.	1.200
Umsókn um smáskammtalyf, sem ekki hafa markaðsleyfi í öðru EES-aðildarríki	29.000
Viðbótarþynning	6.000
Árgjald	1.200

Flokkur: Klínískar lyfjaprófanir o.fl.	Gjald í kr.
Klínísk lyfjaprófun	34.500
Klínísk frásogsprófun	17.500

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. febrúar 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

21. febrúar 2003

Nr. 115

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 447, 30. júní 1999 um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Orðin „að undanskildum veiðum á túnfiski“ í 2. gr. reglugerðarinnar, falla niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu 21. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórir Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Ríkiskaupa.

(verð án virðisaukaskatts)

1. gr.

Útboðsþjónusta.

Grunngjald fyrir útboð	kr. 105.000
Innifalið:	

- Minniháttar útboðslýsing og tilboðsblað (verklýsing aðsend)
- Gerð auglýsingar vegna samauglýsingar
- Sala og kynning útboðsgagna
- Meðhöndlun fyrirspurna (minniháttar)
- Móttaka tilboða
- Opnun tilboða
- Mat tilboða
- Frágangur pöntunar og/eða samnings

Gjald fyrir stærri verkefni er innheimt samkvæmt tímaskráningu starfsmanna miðað við eftirfarandi tímagjald:

Útboðsfulltrúi	kr./klst. 3.600
Verkefnastjóri 1	5.500
Verkefnastjóri 2	6.000
Deildarstjóri	7.200

Gjald fyrir gerð fyrirspurnar (í útboðsformi)	kr. 39.000
Gjald fyrir gerð verðkönnunar (án útboðs)	22.000

Auglýsingakostnaður vegna sérauglýsinga er ekki innifalinn í grunngjaldi og greiðist hann sérstaklega samkvæmt reikningi.

2. gr.

Innflutningur.

Kostnaðarverð sendingar kr.	
0 – 130.000	Þjónustugjald 9.100 kr.
130.001 – 500.000	7%
500.001 – 900.000	6%
900.001 – 3.000.000	4%
3.000.001 – 6.000.000	3%
6.000.001 – 11.000.000	2%
11.000.001 – 99.999.999	1,5%

3. gr.

Innlend vörukaup.

Þjónustugjald	3%	
(bætist við kostnaðarverð vöru)		Lágmark kr. 500

Þóknun Ríkiskaupa vegna rammSAMNINGA er allt að 2% af heildarfjárhæð viðskipta.

4. gr.

Sala fasteigna.

Þjónustugjald Hámark 1,95% Lágmark kr. 90.000

Innifalið:

Gerð tilboðsgagna
Auglýsing (samauglýsing)
Varsla og umsjón eigna
Núvirðing tilboða
Skjalagerð

5. gr.

Kaup fasteigna.

Þjónustugjald 1% Lágmark kr. 80.000

Innifalið: sama og í 4. gr.

6. gr.

Kaup bifreiða.

Þjónustugjald 2%

Innifalið: sama og í 4. gr.

7. gr.

Sala bifreiða.

Þjónustugjald 3% Lágmark kr. 30.000

Innifalið: sama og í 4. gr.

8. gr.

Sala véla og tækja.

Þjónustugjald 3% Lágmark kr. 10.000

Innifalið: sama og í 4. gr.

9. gr.

Sala notaðra muna.

Þjónustugjald 20% Lágmark kr. 1.000

Innifalið: sama og í 4. gr.

10. gr.

Lögfræðilegar álitserðir.

Tímagjald lögfræðings 7.200 kr./klst.

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 74. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 127 8. febrúar 2001.

Fjármálaráðuneytinu, 18. febrúar 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Björn Hafsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 6.400

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 7.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef fyrirtæki, sem sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunareftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald

Auk auglýsingakostnaðar ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald

Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks

Auk auglýsingakostnaðar ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald

Skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar

og frágangs. Auk auglýsingakostnaðar ef við á

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hæri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 789/2001 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vestfjarðasvæðis.

Bolungarvík, 14. febrúar 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða,

Anton Helgason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlitsár	Árlegur eftirlits- og sýna-kostnaður kr.
11220	Blómarækt	0,5	17.600
12301	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyttur	1	38.400
12302	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyttur	1	51.200
12401	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	33.600
12402	Alifuglarækt > 40.000 stæði	2	67.200
12520	Loðdýrabú	1	32.000
12590	Kanínurækt	0,25	4.400
14201	Hundahótel	0,25	4.400
14202	Kattahótel	0,25	4.400
20101	Sögunarmyllur	0,25	1.600
50211	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	1	32.000
50212	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5	14.400
50213	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25	7.200
50220	Land- og kvíaeldi	0,5	16.000
142100	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	6.800
142101	Steinmölnun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	0,25	6.400
143000	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	0,25	6.800
144000	Saltvinnsla	1	27.200
145000	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	1	27.200
151101	Sláturhús < 50 t/dag	1	41.600
151102	Sláturhús > 50 t/dag	2	83.200
151301	Kjöttvinnsla, lítil	1	40.600
151302	Kjöttvinnsla, miðlungs	2	106.800
151303	Kjöttvinnsla, stór	3	184.800
151304	Kjöttvinnsla með reykingu, lítil	1	53.400
151305	Kjöttvinnsla með reykingu, miðlungs	2	132.400
151306	Kjöttvinnsla með reykingu, stór	3	223.200
151307	Kjötpökkunarstöð	2	106.800
152020	Saltfiskverkun	0,5	10.400
152041	Heitloftspurrkun fiskafurða	1	20.800
152050	Harðfiskverkun	0,25	6.000
152061	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	0,5	12.800
152062	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	32.000
152063	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	51.200
152071	Mjöltvinnsla úr sjávarafurðum	1	27.200
152072	Fiskmjölsvinnsla	3	100.800
152080	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	36.300
152081	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	1	53.400
152082	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	1	67.300
152090	Önnur ótalin fiskvinnsla	0,5	9.600
153100	Kartöfluvinnsla - pökkun	0,25	4.800
153101	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	1	36.300
153102	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	2	65.100
153103	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	1	36.300
153301	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	47.000
153302	Salatgerð	1	47.000
153303	Lauksteikingarverksmiðjur	1	28.800
154101	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	28.800
154102	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	2	57.600
154200	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	1	28.800
154201	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	1	35.200
154202	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	1	28.800

<i>ÍSAT nr.</i>	<i>Heiti atvinnugreinar</i>	<i>Áætluð tíðni eftirlits/ár</i>	<i>Árlegur eftir- lits- og sýna- kostnaður kr.</i>
154203	Kaldhreinsun lýsis	1	28.800
154300	Smjörlífikisgerð	1	36.300
155100	Mjólkurbú og ostagerð	3	213.000
155101	Mjólkurbú	1	78.000
155102	Ostagerð	2	111.000
155200	Ísgerð	2	126.000
156101	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	0,25	1.600
156102	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	53.400
157110	Framleiðsla húsdýrafóðurs	0,25	4.800
157120	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	0,25	4.800
158101	Brauðverksmiðjur	1	63.000
158102	Bakarí, lítið	1	32.000
158103	Bakarí, miðlungs	1	45.900
158104	Bakarí, stórt	2	97.100
158201	Kexverksmiðjur	2	90.700
158202	Kökugerð, lítil	1	19.200
158203	Kökugerð, miðlungs	1	34.700
158204	Kökugerð, stór	1	37.900
158401	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	52.300
158501	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	16.000
158600	Te- og kaffiframleiðsla	1	17.600
158701	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1	22.400
158702	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	39.500
158703	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	49.100
158800	Framleiðsla mjólkurdufts	1	52.300
159100	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	44.800
159600	Bjórgerð	1	44.800
159801	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	1	38.400
159802	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	52.300
159803	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	2	125.900
171001	Ullarþvottastöðvar	1	30.400
171002	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	0,25	6.000
173001	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	20.800
191001	Leðurvinnsla	0,25	4.400
201001	Fúavörn á viði	0,25	6.000
202000	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	0,25	2.800
203091	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	12.800
203092	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	11.200
212101	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	0,25	5.200
212200	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa ..	0,25	5.200
222100	Prentun dagblaða	1	51.200
222210	Offsett- og hæðarprentun	1	27.200
222220	Sáldprentun	1	27.200
222291	Prentiðnaður, lítil	0,5	12.800
222292	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	16.000
222293	Prentiðnaður, stór	1	46.400
222294	Prentiðnaður með framköllun	0,5	16.000
222400	Prentsmíð	0,5	13.600
241100	Framleiðsla á iðnaðargasi	2	41.600
242001	Garðauðun	0,5	14.400
243001	Málningarverksmiðjur	1	84.800
244200	Lyfjagerð	0,25	12.400
245101	Hreinlætisvöruverksmiðjur	0,5	24.800
245201	Snyrtivöruframleiðsla	0,25	12.400

<i>ÍSAT nr.</i>	<i>Heiti atvinnugreinar</i>	<i>Áætluð tíðni eftirlits/ár</i>	<i>Árlegur eftirlits- og sýna- kostnaður kr.</i>
251301	Gúmmívinnsla	0,25	5.200
252101	Plastiðnaður	0,5	12.000
252102	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,25	5.200
252200	Framleiðsla á umbúðaplasi	0,25	4.800
261100	Framleiðsla á glerplötum	0,25	5.200
261200	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	1.600
261300	Framleiðsla glerfláta	0,25	4.400
262101	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m ³	0,25	5.600
266100	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,25	5.200
266300	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,25	6.800
267000	Steinsmíði	0,25	4.400
268291	Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	0,5	11.200
268291	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	51.200
275001	Málmsteypa < 20 tonn á dag	0,5	19.200
285100	Meðferð og húðun málma	0,5	13.600
285201	Blikksmíði	0,25	4.800
287301	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	0,25	4.800
287401	Skrúfuframleiðsla	0,25	4.800
291100	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	10.400
292301	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,25	9.200
314001	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	0,25	6.400
316201	Rafvélaverkstæði	0,25	5.200
351101	Stálsmíði og stálskipagerð	0,5	25.600
351102	Viðhald og niðurrif skipa	1	25.600
361201	Húsgagnaiðnaður með lökkun	0,5	11.200
372001	Endurvinnsla úrgangs	0,25	8.800
401001	Spennistöðvar	0,25	8.800
401002	Spennaviðgerðir	1	28.800
40100	Rafmagnsveitur, kyndistöðvar, varaafstöðvar	0,25	8.800
410001	Vatnsveitur > 100.000 íbúa		0
410002	Vatnsveitur 50.000 - 100.000 íbúa		0
410003	Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa		0
410004	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa		0
410005	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	12	320.400
410006	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	4	106.800
410007	Vatnsveitur, einka	1	19.200
502001	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	10.400
5020010	Bón- og bílaþvottur, handvirkur	0,5	8.000
5020011	Ryðvarmarverkstæði	0,5	25.600
5020012	Smurstöðvar	0,5	12.000
5020013	Viðgerðaraðstaða	0,5	9.600
502002	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	12.000
502003	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	13.600
502004	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	15.200
502005	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	16.800
502006	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5	18.400
502007	Bifreiðasprautun	0,5	16.800
502008	Bifreiðaréttingar	0,25	5.200
502009	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirkur	0,5	16.800
503001	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	15.200
503002	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	24.800
503003	Bílapartasölur	0,5	17.600
505000	Bensinstöðvar, sjálfvirkar	1	19.200
505001	Bensinstöðvar án matvæla	1	22.400

<i>ÍSAT nr.</i>	<i>Heiti atvinnugreinar</i>	<i>Áætluð tíðni efirlits/ár</i>	<i>Árlegur eftir- lits- og sýna- kostnaður kr.</i>
505002	Bensínstöðvar með matvöru	1	51.200
505003	Bensínstöðvar með veitingasölu	1	71.500
511710	Umboðsverslun með fisk	1	22.400
511720	Fiskmarkaðir	1	22.400
513101	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1	25.600
513102	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1	32.000
513103	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	49.100
513600	Heildverslun með sykurlaði og sælgæti	1	35.200
513901	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	1	25.600
513902	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs ..	1	32.000
513903	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	45.900
514420	Heildverslun með hreingeringarefni	1	75.200
514500	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	1	75.200
514501	Heildverslun með snyrtivöru	1	75.200
515501	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	0,5	31.200
515701	Niðurrif bifreiða	1	25.600
515702	Móttaka brotamálms	2	92.800
515703	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	11.200
521111	Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvælavinnslu	1	124.900
521112	Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu	1	111.000
521121	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	41.100
521122	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögun, grillun á kjúkl- ingum)	1	67.800
521123	Matvöruverslun með vinnslu, stór	1	88.100
521124	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	25.600
521125	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	45.900
521126	Matvöruverslun án vinnslu, stór	1	58.700
521131	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	14.400
521132	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	1	19.200
521133	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	1	32.000
521134	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	1	45.900
522301	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	25.600
522302	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	39.500
522303	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	1	42.700
522304	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	20.800
522305	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	24.000
522306	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	36.300
522401	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1	20.800
522402	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	39.500
522403	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	42.700
522500	Áfengisverslun	0,5	9.600
522700	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	39.500
523100	Apótek	0,5	15.200
523301	Snyrtivöruverslun	0,25	7.600
524611	Byggingavöruverslanir, stórar	0,5	37.600
524612	Byggingavöruverslanir, litlar	0,25	12.400
524613	Jámvöruverslanir	0,5	24.800
524620	Málningar- og veggfóðurverslun	0,5	24.800
524621	Málningavöruverslanir	0,25	12.400
524910	Gæludýraverslun	0,25	4.000
524991	Véla- og tækjasölu	0,5	24.800
524992	Varahlutaverslanir, ekki bíla	0,5	24.800
524993	Smásala efna í flokkum X, A og B	0,5	24.800
524994	Sala eiturefna	1	62.400

<i>ÍSAT nr.</i>	<i>Heiti atvinnugreinar</i>	<i>Áætluð tíðni eftirlits/ár</i>	<i>Árlegur eftir- lits- og sýna- kostnaður kr.</i>
525000	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5	24.800
526200	Markaðir	1	48.000
551101	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	1	41.600
551102	Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	1	56.000
551103	Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	1	77.900
551201	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)	0,25	5.200
551202	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)	0,5	12.800
551203	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (>100 gestir)	0,5	14.400
552101	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	0,25	4.800
552102	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	0,25	4.800
552201	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5	9.600
552202	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	11.200
552203	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	0,5	12.800
552301	Bændagisting, orlofshúsavæði og önnur ótalin gisting með veitinga- sölu	0,5	12.800
552302	Bændagisting, orlofshúsavæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	9.600
553011	Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	1	30.400
553012	Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir)	1	52.300
553013	Matsölustaðir, stórir (>100 gestir)	1	58.700
553014	Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	1	36.300
553015	Skyndibitastaðir, miðlungs (allt að 51-100 gestir)	1	49.100
553016	Skyndibitastaðir, stórir (>100 gestir)	1	52.300
553017	Matsöluvagnar	1	27.200
553018	Brauðstofur	1	35.200
553020	Skemmtistaðir með matsölu	1	28.800
553021	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	10.400
554001	Krár, kaffihús með matsölu	1	30.400
554002	Krár, kaffihús án matsölu (lítil starfsemi >50 gestir)	0,5	11.200
554003	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	5.200
554004	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5	15.200
554005	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	1	36.800
555101	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1	32.000
555102	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1	38.400
555103	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	1	55.500
555104	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1	22.400
555105	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1	30.400
555106	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (>100 gestir)	1	36.800
555201	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	25.600
555202	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	39.500
555203	Sala á tilbúnum mat, stór	1	52.300
602101	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25	4.000
602201	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25	4.000
631201	Vörugeymslur, litlar	1	22.400
631202	Vörugeymslur, miðlungs	1	32.000
631203	Vörugeymslur, stórar	1	38.400
631204	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,25	1.600
631205	Kæli- og frystigeymslur	0,25	2.800
631206	Gasbirgðastöðvar með > 100 m ³ geymslurými (STP)	1	6.400
631207	Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými (STP)	1	6.400
632101	Vöruflutningamiðstöðvar	1	38.400
632301	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	28.000
632301	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	11.200
632302	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,25	2.800

<i>ÍSAT nr.</i>	<i>Heiti atvinnugreinar</i>	<i>Áætluð tíðni eftirlits/ár</i>	<i>Árlegur eftirlits- og sýna-kostnaður kr.</i>
748102	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5	12.800
748103	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	11.200
752301	Fangelsi, lítið	0,5	12.800
752302	Fangelsi, miðlungs	1	38.400
752303	Fangelsi, stórt	1	44.800
752501	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	5.200
801001	Grunnskólar án mótuneytis	0,5	10.400
801002	Grunnskólar með móttökueldhúsi	1	44.800
801003	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	1	60.300
802101	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mótuneytis	0,5	17.600
802102	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	1	44.800
802103	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	1	52.800
802201	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mótuneytis	0,5	17.600
802202	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	1	44.800
802203	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	1	60.300
802204	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu	1	80.100
803001	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	0,5	17.600
803002	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	1	44.800
803003	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	1	60.300
804100	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	5.600
804220	Tónlistarskólar	0,25	5.600
804290	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	5.600
851111	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	0,5	17.600
851112	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	44.800
851113	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	1	60.300
851120	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðisþjónustu	0,5	17.600
851130	Endurhæfing	0,5	11.200
851141	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	0,5	13.600
851142	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	36.800
851143	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	50.700
851144	Vistheimili	0,5	12.000
851150	Áfengis meðferð	0,25	6.000
851211	Heilsugæslustöðvar	0,25	6.000
851221	Læknastofur	0,25	5.200
851222	Læknahús með aðgerðarstofum	0,25	5.200
851311	Tannlæknastofur	0,25	5.200
851320	Tannsmíðar	0,5	8.000
851411	Sjúkraþjálfun	0,25	5.200
851430	Rannsóknarstofur í læknisfræði	0,25	5.200
851431	Röntgenstofur	0,5	10.400
851491	Fótaaðgerðarstofur	0,5	10.400
851492	Kírópraktor	0,25	5.200
851493	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	5.200
851494	Húðflúrstofur	1	24.000
851495	Húðgötun	1	24.000
852001	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	4.800
852002	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	10.400
852003	Dýraspítalar	0,5	14.400
853110	Heimili fyrir börn og unglinga	0,25	5.200
853211	Dagmömmur með > 6 börn	0,25	5.200
853221	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	32.000

<i>ÍSAT nr.</i>	<i>Heiti atvinnugreinar</i>	<i>Áætluð tíðni efirlits/ár</i>	<i>Árlegur eftir- lits- og sýna- kostnaður kr.</i>
853222	Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	1	40.000
853223	Gæsluvellir	0,5	15.200
853240	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	13.600
853261	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	1	30.400
853262	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	1	44.300
900001	Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe	2	32.000
900002	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	1	16.000
900003	Aðrar fráveitur	1	16.000
900004	Gámastöð	0,5	13.600
900005	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	13.600
900006	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,5	13.600
900007	Sorpflutningar og sorphirða	0,25	7.600
900008	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	6	153.600
900009	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	13.600
913111	Kirkjur	0,25	5.200
913112	Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhúsi	0,5	10.400
921301	Kvikmyndahús	0,5	15.200
923101	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	5.200
923102	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5	15.200
923103	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1	36.800
923401	Dansskólar	0,25	5.200
925301	Húsdýragarðar	0,25	5.200
926101	Sundstaðir, litlir	1	39.000
926102	Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum)	2	84.400
926103	Sundstaðir, stórir	3	128.700
926104	Íþróttahús, lítil	0,5	12.000
926105	Íþróttahús, miðlungs	0,5	15.200
926106	Íþróttahús, stór	0,5	18.400
926107	Íþróttavellir	0,25	5.200
926108	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	6.800
926201	Hestahald	0,25	5.200
927201	Skotvellir	0,25	5.200
930100	Þvottahús og efnalaugar	0,5	12.000
930101	Þvottahús	0,25	5.200
930102	Efnalaugar	0,5	12.000
930200	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	12.000
930201	Hárgreiðslustofur	0,5	10.400
930202	Snyrtistofur	0,25	5.200
930203	Baðhús	0,5	10.400
930301	Líkbrenslur	0,25	5.200
930401	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	10.400
930402	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	24.000
930403	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	25.600
930404	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	28.300
930405	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	31.500
930406	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	33.100
930407	Sólbaðstofur án heitra potta	0,25	5.200
930408	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	29.900
930409	Nuddstofur	0,25	5.200
970000	Engin starfsemi		
980000	Ótilgreind starfsemi		

REGLUGERÐ

um húsaleigubætur.

I. KAFLI

Fjárhæð og útreikningur húsaleigubóta.

1. gr.

Sveitarfélög annast framkvæmd laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum, og reglugerðar þessarar.

2. gr.

Grunnfjárhæðir húsaleigubóta skal ákvarða þannig, að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði skal vera 8.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 7.000 kr. fyrir fyrsta barn, 6.000 kr. fyrir annað og 5.500 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 15% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 – 50.000 kr.

Húsaleigubætur samkvæmt grunnfjárhæðum 1. mgr. geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 31.000 kr. á mánuði.

Húsaleigubætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 1% af árstekjum umfram 2,0 millj. kr., sbr. 9. gr. laga um húsaleigubætur.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga tekur félagsmálaráðherra ákvörðun um breytingar á grunnfjárhæðum bóta, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um húsaleigubætur.

II. KAFLI

Umsókn um húsaleigubætur.

3. gr.

Umsókn um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags á sérstöku þar til gerðu eyðublaði er félagsmálaráðuneytið hefur útbúið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Eyðublöðin skulu liggja frammi almenningi til afnota, hjá félagsþjónustu og/eða á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, hjá samtökum leigusala og leigjenda, Íbúðalánasjóði og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

4. gr.

Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

